nafnfræga

„NORTH WEST“ Almanakinu

fyrir árið 1909

Það er kvar sem er þarflegt og skemtilegt. Ef þú getur ekki
fengið það hjá kaupmanninum þínum, þá skrifðu
okkur og vér skulum senda þér það með posti.

THE MARTIN, BOLE & WYNNE CO.


Winnipeg, Man.

(Almanakið er á Ensku, Frönsku og Þýzku).



Íslenskur verðlauna-hestur
á Þjórsár-sýningunni 1906.

Icelandic Pony.



Elmanak

15. ár.

Winnipeg, Canada

1909.

WILLIAM HOWARD TAFT.

Við fórseta kosningar í Bandaríkjum 3. nóv. 1908 var kosinn með miklum meiri hluta atkvæða *William Howard Taft* frá borginni Cincinnati til að gegna því embætti, sem virðulegast er talið allra embætta, er nokkur þjóð felur einhverjum úr hópi borgara sinna. Tuttugu og fimm menn hafa gegnt því embætti áður; Taft verður því sá 26. í röðinni. Almannarómur mun það bæði í Banda-ríkjum og í Norðurálfu, að enginn



William Howard Taft.

maður, sem það embætti hefir skipað, hafi verið betur undir það búinn en hann. Hverja trúnaðarstöðuna hefir hann skipað á fætur annarri og látið sér farast svo fyrirtaks-vel að fara með vandasömstu stjórnmála-ætlunarverk, sem unt er að fá nokkurum manni, að til þess er tekið. Bandaríkjumenn eru líklega verkhygnasta. Þjóð heims og kunna því betur að meta þá tegund hygginda en nokkurur þjóð önnur. Pagar verkhygnin birtist í glæsilegu gerfi í opinberum störfum einhvers manns, eru þeir allra manna fúsastir og fljótastir til að launa og skera þá ekki við neglur sér.

Þess mikla metnaðar, er knýr suma menn áfram á metorðabrautinni, þangað til þeir eru komnir eins langt og hún liggar, hefir alls ekki gætt í fari hins nýkjörna forseta. Hann hefir borist áfram ósjálfrátt af straumi við-burðanna, oft og tíðum þveröfugt við fyrirætnair og löngun. Hægt væri að segja, að óafvitandi hefði hann borist áfram af þyngdarlögmáli, sem hann ber í sálu sinni — því þyngdarlögmáli, er knýr hann ávalt til að taka á af öllu afli, í hvert skifti, sem honum hefir verið fengið eitthvert vandamál til meðferðar. Og maðurinn er stórskorinn bæði til líkama og sálar.

Lund hans virðist ekki margbrotin né torskilin. Hún er breið, föst, þróttmikil, óbrotin, opinská. Skylduræknin er honum guðsdýrkan. Þessi lund hefir einkent hann í öllu frá fyrstu árum. Á drengjaárum bar hann af öðrum að leikum og lærdómi. Við Yale-háskólann var hann hann bezt láttinn maður í bekk sínum og nefndur S t ó r i B i l l T a f t; hann var leiðtogi bekkjarbræðra sinna á öllum svæðum — að knattleikum, í glímum, en til prófs var einn af meir en hundrað sambekkingum honum fremri. Að loknu námi, tók hann þau störf, er fyrst buðust, og gjörðist fregnriti ýmissa blaða um leið og hann hóf lög-

fræðinám. Ágaetur fregnriti þótti hann og bezti námsmaður. Hann átti frægan föður og flugríkan, en hann vildi sjálfur ryðja sér braut og komast áfram af sjálfsdáðum. Hann gjörðist málfaerslumaður og gekk vel, varð ungur yfirdómari í borginni Cincinnati. Fyrir átján árum var hann kallaður til Washington af Harrison forseta til að reka mál stjórnarinnar fyrir yfирrétti (Solicitor-General). Starfsþrek hans og dugnaður kom honum þá að góðu haldi. Hann vann mörg stór-mál og létt miklu meira til sín taka en alment gjörust um stjórnarþjóna. Um þær mundir hófst kunningsskapur og vinátta með þeim Roosevelt og honum. Er sagt, að Roosevelt hafi þá þegar talað um hann sem eimvélina miklu, er starfaði bæði nött og dag. Vinátta þeirra hefir verið þeim hvorum um sig uppsprettu þroskunar og andlegrar auðlegðar, og á að líkendum eftir að verða það betur enn.

Er hann fór aftur frá Washington, gjörðist hann héraðsdómari Bandaríkjanna í Cincinnati. Aftur tók hann á af alefli og létt skylduráknina einkenna öll störf sín. Vandræði mikil og viðsjár hófust með verkamönum; varð hann að dæma í þeim vandamálum og varð fyrir árásum óbilgjarnra leiðtoga. En hugrekkid var óbilandi eigi síður en réttlætistilfinningin. Eitt sinn var verkfall mikil á járnbraut. Æsingar miklar voru með mönnum. Þegar dómur átti fram að fara, var dómsalurinn fullur verkalýðs. Var þá bitið á jaxl og blótað af mörgum og heitið að láta eigi dómarann sleppa heilan úr húsi, ef dómarinn yrði eigi verkfallsmönnum í vil. Eigi létt dómarinn bláeygi það blekkja sig, en brosti góðlátlega og engan skugga bar á brá hans. Hægt og stillilega kvað hann upp dómsúrskurð sinn. Brosið hvarf, aegilegur glampi kom í augað, högg af þungum hnefa skall í borðið og hann sagði hárri röddu og hvellri: Um leið og þið

farið út héðan vil eg láta ykkur vita, að eimlestirnar verða látnar ganga, þó öllu herliði Bandaríkjanna verði að beita til þess. Stórum skrefum stikaði dómarinn út úr salnum ósmeikur, en þungbrýnn mannhópurinn tvístraðist. Eimlestirnar fóru að ganga. Brigzlað var honum um dóm þenna eins og nærri má geta í kosningabaráttunni og leitast var við að fá vinnulýð allan til að snúast gegn honum vegna hans. Sværið var: „Eg hefði verið mannskræfa, óhæf til að gegna því embætti, sem mér þá var trúð fyrir, og enn óhæfari til þess embættis, sem nú er verið að tala um að trúá mér fyrir, ef eg hefði breytt á annan hátt“.

Árið 1900 var hann kvaddur til að greiða fram úr stærsta vandamáli, sem þjóðin hafði fyrir hendi — vandamáli eins miklu og nokkur þjóð hefir nokkuru sinni átt úr að leysa. Það var stjórn Filippseyja eftir stríðið við Spán. McKinley stóð uppi ráðþrota; hann kom ekki auga á mann, er trúandi væri fyrir slíkum stór-vanda. „Eg er að skimast eftir manni, stórum og sterkum og þolgóðum, varfærnum en lundföstum, sem eigi hlífist við að gjöra út af við sjálfan sig með önnum, ef á þarf að halda“, sagði forsetinn við ríkisritara sinn. „Því sendið þér ekki eftir honum? Vilhjálmur Taft er maðurinn, sem yður largar til að finna, dómarinn í Cincinnati“. Forsetinn símaði. Taft kom og vissi ekkert til hvers. Hann varð sem steini lostinn, er honum var sagt, að stjórnin vildi senda hann til Filippseyja og láta hann freista, að gjöra þjóð úr þeim óskaplega hóp viltra og síðlítilla, uppreistar-gjarnra og óupplýstra kynflokkja, er mæla mörgum tungumálum og naumast höfðu hugmynd um mannfélagsskipan síðaðra þjóða. Taft vildi ekki fara og var nógu hreinskilinn til að segja það. Áleit Bandamönnum hollast að láta Filippseyjar eiga sig; hugur sinn stæði til dómarar-

stöðu, en eigi til stjórnarstarfa. „En hér er vandinn mikli annars vegar, sem á þjóð vorri hvílir“, sagði McKinley. „Þú ert maðurinn. Þú verður að ljá fulltingi. Það er skyldan!“ Taft hafa víst runnið þau orð til rifja, því loks lét hann undan, þvert um geð sér, og fór.

Í Filippseyjum höfðu Spánverjar setið að völdum hálfu fjórðu öld. Af hinum mörgu stofnunum mannfélagsins höfðu þeir komið einni á fót — kirkjunni.

Á hálfu fjórða ári lét Taft sér hepnast að koma á fullu þjóðfélagsskipulagi og hrinda byrjandi þjóðlífi af stað með öllum stofnunum nýrrar siðmenningar. Fólkið umgækst hann brosandi eins og jafningja. Hann hló með þessum hálf-viltu mönnum og tók þátr í skemtunum þeirra. Hann vann fyrir þá baki brotnu og náði tiltrú þeirra. Hann kom þeim í skilning um, hve dýrmætt það er að geta verið sjálfstæð þjóð og staðið á eigin fótum. Eyjarskeggjar tala um hann enn með ást og lotningu og kalla hann S a n t o T a f t — heilaga Taft. Betur gátu þeir naumast launað honum. Hann er dýrlingur í huga þeirra.

Enginn hafði trú á stjórn Bandaríkjanna í þessum nýlendumálum. Menn álitu hana bresta mátt og megin, vit og vilja, lag og lempni til þess að láta sér hepnast að stjórnna gjör-ólikum, hálf-viltum og fremur illa innrættum kynflokkum, dreifðum og sundurlausum, í óskaplegri fjarlægð, og láta þá stjórn verða til gengis og farsældar, svo hér rynni upp í tölu þjóðanna sjálfstæð og fullveðja þjóð. En Taft sannfærði heiminum um, að þetta vandasama hlutverk væri Bandamönnum ekki ofvaxið og hægt væri að leysa það af hendi til sóma og velferðar. Hann hamaðist við störf sín í Manilla eins og eimvél í mannslíki. Þegar stjórn og þjóð heima fyrir skildi ekki, hvað til þurfti, bað Taft hvað estir annað um réttlæti og hjálp og þolinmæði

Filippseyjamönnum til handa, eins og væri hann að flytja mál barna sinna. Á þenna hátt verndaði hann samvizku og sóma eigin þjóðar sinnar í þessum vandasömu viðskiftum.

Taft er maður léttlyndur og frígeðja og hefir aetíð hlátur, fyndni og kátnu á reiðum höndum. Samt er hann ávalt hinn virðulegi maður, er allir bera lotningu fyrir; spaug og hnittinyrði fljúga honum af vörum yfir vinnunni. Mestri furðu gegnir, hve miklu hann afkastar; eljan og áhuginn brennur í honum eins og eldur.

Eitt sinn á skólaárum var hann af skólabræðrum kosinn til einhverrar virðingar, en efast var um af einhverjum, að sú kosning hefði farið fram eftir öllum listarinna reglum. Hann þverneitaði virðingunni, en var þegar í stað endurkosinn í einu hljóði. Í Cincinnati barði hann á lélegum ritstjóra, er ritað hafði níð um föður hans. Þegar hann var orðinn dómarí Bandaríkjanna, fekk hann tilboð frá lögfræðinga-félagi í New York um að gjörast meðlimur þess, og fylgdi boðinu lögformleg ábyrgð fyrir \$50,000 árslaunum. En hann neitaði og sagði: „Það eru mikilvægari hlutir til í heimi þessum en peningar“. Þegar hann var í Filippseyjum, lætur hann ekkert tækifæri ónotað til að ávinna sér kærleika og tiltrú munadarsleysingjanna, sem honum hafði verið trúð fyrir.

Eyjarnar eru margar og fólksfjöldi mikill. Skifta varð þeim í ótal umdæmi og setja höfuðsmenn eða fylkistjóra yfir. Þegar hann var að koma þessu í kring, varð hann að ferðast um alt landið og hleypa hinni nýju stjórn af hlunnum með viðhöfn sem mestri. Til þess nú að geta látið viðhöfnina vera sem mest eftir geði þjóðarinnar og taka í henni þann þátt, er bezt myndi hlýða, lagði hann það á sig, mitt í öðrum óskapa-önnum, að læra ferdansinn fræga, r i g o d o n, er vandasamastur þykir allra dansa,

og Spánverjar höfðu kent eyjarskeggjum. Honum fanst hann eigi geta sýnt hinum nýju fylkisstjórum tilhlýðilega virðingu, nema hann gæti leitt frúr þeirra og dætur gegnum völundar-bugður þessa heimsfræga dans við viðhafnar veizlu þá, er haldin var á hverjum stað, er þeir tóku við embætti. Með þessari ástúð komst hann inn í huga og hjarta fólksins.

Eitt sinn hafði hann riðið langan veg á múldýri í sterkum sólarhita og allir vissu, að hann hlaut að vera sárþreyttur. En náttverðinn lét hann bíða sín heila klukkustund meðan hann var að sjá um múldýrið; hann vildi enga hvíld né hressing fyrr en aumingja málleysinginn, sem hann vissi myndi þreyttari miklu en hann sjálfur, hafði notið allrar þeirrar aðhlyningar, sem hann átti skilið. Sumarbústað á hann norður í Quebec-fylki í Kanada. Tekið er til þess, að hann hafi sézt þar á sumrum um miðja nótt á gangi í náttklæðum með óvært barn á örnum sér, til þess að konan hans og kvenfólk annað gæti notið svefn og náða. Tekið er líka til þess, hvernig Taft hlær; segja menn, að kærleikur hans til lífssins og mannanna og trú hans á mætti sjálfs sín, komi fram í hlátri hans, sem sagt hefir verið um í gamni, að heyrist um veröld alla. Ameríkumaðurinn sér sjálfan sig í æðra veldi, þar sem Taft er. Hann ferðaðist með konu sinni kring um hnöttinn og gekk fyrir konunga og keisara, Mikadóa og mildinga, án þess að hafa með sér þjón eða þernu. Það þótti löndum hans fyrirtak.

Í Manilla lagði hann svo mikil á sig, að allir aðstoðarmenn hans gáfust upp. Loks bilaði heilsa sjálfs hans og læknirinn sagði honum, að hann yrði að hverfa aftur til Bandaríkja eða líf hans yrði í mjög mikilli hættu. Um sama leyti kom boð frá forseta Bandaríkjanna, sem komst við af fréttum þessum, að nú skyldi honum veitt dómará-

sæti í hæstarétti Bandaríkjanna, en óskina um það embatti hafði hann alið í brjósti til margra ára. En hann óttast, að brottför hans frá eyjunum og fólkini einmitt á þeim tíma myndi verða til mikils tjóns, og símar: „Beztu þakkir. Má eigi að svo stöddu flýja af hólmi“. Að ári liðnu var sama freustingin aftur fyrir hann lögð, en hann hafnaði. Hvað eftir annað á hann í höggi við sendinefndir frá þinginu í Washington. Ávalt berst hann af aleflí fyrir því, að Filippseyjamönnum sé sýnt réttlæti í öllum efnum, frélsið ekki skorið við nögl sér og hverju einasta framfaraskilyrði fullnægt.

Svo opinskár er hann og einlægur, að menn hafa áltið hann lélegan stjórnmálaman og haldið, það myndi standa í vegi þess, að hann nokkuru sinni kæmist í forsetastól. Einþykkur hefir hann líka þótt, er því hefir verið að skifta. Ófriður hafði verið allmikill með samveldismönnum í Ohio-ríki. Crane, senator frá Massachusetts, vill koma á sættum. Hann vill, að Taft verði kosinn þar forseti og hann vill að Foraker, senator, verði endurkosinn til öldungadeildar sambandsþjingsins. Hann sækir Foraker heim og fær hans samþykki, þó áður væri hann Taft andvígur. Hann sækir Roosevelt heim, ber þetta undir hann; forsetinn álitur þetta heillaráð: „Far og seg þú Taft, að þessu sé eg samþykkur af heilum hug og það ætti að gilda“.

Sáttarsemjarinn sækir þessu næst Taft heim og leggur þetta fyrir hann. En Taft vill ekki ljá því eyra, hinum til mikillar furðu. „Það sem þú fer fram á að eg gjöri, er samningur um, að eg kaupi mér fylgi Forakers til forsetakosningar fyrir að láta vini mína í Ohió kjósa hann senator. Sjálfur hefi eg ekkert á móti því, að hann verði endurkosinn. En vinum mínum í Ohió er það mjög á móti skapi. Þeir höfðu ætlað sér að vera honum andvígir

við kosningar löngu áður en eg hafið verið nefndur á nafn til forsetaefnis. Til að koma á friði, ætti eg þá að selja vini mína. Því neita eg eitt skifti fyrir öll. Eg svara því og engu öðru. Það væri að kaupa forseta-tign verði of háu“.

Illa var talað um Taft á eftir fyrir einþyknina, sagt, að hann væri eintjrnjáningur og ætti ekkert af hyggindum stjórnmálamannsins. Og þó hafa þarna komið fram mannkostir, sem þjóð hans hefir kunnað að meta og vinfestan orðið vænni til sigurs en undirhyggja og kænska.

Síðustu ár hefir Taft verið álitinn úrræðamaðurinn, er vandræði hefir að höndum borið, sem öðrum hafa verið ofvaxin. Sjálfsgagt hefir þótt að fela Taft á hendur að fára þau á rétta leið. Eigi að eins skóp hann skipulag úr óskapnaði í Filippseyjum, heldur baegði hann borgarastyrjöld frá dyrum í Cuba og stjórnleysi, kom sáttum á við páfahirðina út af eignum kaþólskrar kirkju í Filippseyjum, hratt af stað Panamaskurðar-fyrirtækinu mikla með nýju fjöri. Roosevelt sagði um hann, að hann væri stærsti starfskrafturinn í landinu. Hann tekur enga hvíld. Hann er að vinna frá kl. 8 að morgni til miðnatts. „Hann vinnur eins og víkingur, er harðsóttur að leikum, hávær, þegar hann hlær, sefur eins og selur, etur hraust-lega, og kemur óþyrmilega við kaun, ef hann er illa hvektur“. Svo er honum lýst af einum samtíðarmanni. Hann hefir haft hamingju með sér í öllum málum, sem hann hefir haft með höndum og hamingju með sér nú við kosningarnar. Vonandi nýtur hann sömu hamingju við forsetastörfin. Hann þarf þar á öllum sínum dugnaði að halda. Forsetaembættið er sjálfsgagt stærsta, umfangsmesta og vandasamasta embætti, sem nokkurum manni á jarðríki er í hendur fengið. Sagt hefir verið um Taft, að hann standi miðja vegu milli McKinley og Roosevelt;

hann hafi flesta yfirburði beggja yfir aðra menn, en fátt af brestum þeirra.

Öllum kemur saman um, að hann hafi unnið sigur svo glæsilegan við kosningarnar vegna þess, að þjóðin hafi borið bezt traust til hans sem viturs og gætins stjórnmálamanns. Viðskiftalífið með þjóðinni hefir ef til vill haft mest áhrif. Því var það talið hollast af öllum hinum gætnari mönnum, að Taft yrði næsti forseti. Fjöldi þeirra, sem annars hefði orðið sérvaldismönnum hlyntir, léðu samveldisflokknum lið, því þeir höfðu þá trú, að sigur hans við kosningarnar væri skilyrði syrit blómgan viðskiftalífs og nýrri ársæld.

Samveldismenn hafa nú tögl og hagldir í Washington. Þeir hafa mikið og vandasamt ætlunarverk fyrir hendi, sem þeir hafa skuldbundist til að vinna: að endurskoða og gjörbreyta toll-löggjöf sinni. Nú spyrja menn: Hverir skyldi ráða mestu um þá endurskoðan og breytingu, gömlu stjórnmálamennirnir í floknum, eða menn hins nýja tíma, sem mörgum finst nú vera að renna. Mun Taft hafa vald yfir þinginu? Eða verður hann á valdi þess? Hefir hann þrótt og þrek til að fylgja stjórn-málastefnu Roosevelts gegn hinum sterku öflum innan flokksins, sem eru henni andvíg? Og stærsta vafamálið er og verður þó: Getur hann haft þau áhrif á viðskiftalíf landsins, sem til er ætlast af honum og menn eiga von á?

Um þetta eru nú ritstjórar og stjórnmálamenn landsins alvarlega að hugsa. Og um þenna möndul munu stjórnmál lands og þjóðar snúast næstu fjögur ár. Örlögin verða að miklu leyti undir því komin, hvernig úrlausn tekst — bæði örlog flokkanna og ársæld og blómgan verzlunar og velmegunar yfirleitt. Allur heimur óskar hinu nýja forsetaeftni allrar hamingju, því velliðan þjóðanna er eigi að svo litlu leyti undir því komin, að alt sé með feldu í lýðveldinu mikla vestan Atlantshafs.



SAFN TIL LANDNÁMSSÖGU ÍSLENDINGA Í VESTURHEIMI.

Stutt ágrip af landnámssögu
Íslendinga í Albertahéraði.

EPTIR JÓNAS J. HUNFORD.

I. Burtflutningur, orsakir til hans og ferðin.

FRUMHERJAR landnámsins í Alberta, komu meginlega sunnan og austan frá Norður-Dakota; það voru Íslendingar þeir, sem fyrstir brutu ísinn og efndu til bólstaðar, í héraðinu, sem þá blasti við sem eyðimörk, en sem tíminn og mannshendurnar hafa nú breytt í blómlega sveit. Hver myndi þá, hafa trúað því, sem úrlítilli fjarlægð, gat að líta yfir hina mannlausu, óyrktu auðn, að það yrðu Íslendingar, sem fyrstan og stærstan hlut, ættu að því, að hefja þessa óbygðu ömurlegu landauðn í það álit, að hún nú eftir liðin 20 ár, þyldi sann gjarnan samanburð, við aðrar jafngamlar nýlendur Íslendinga. Allir voru þeir fátækir, og það sem þó var verra, búningar að slíta beztu árunum, kröftum og heilsu,

heimá á gamla ætlandinu; og svo lúnir og langþjáðir, af ferðaslarki og þraeldómi í þessari álfu.

Landnám Íslendinga í Alberta byrjaði árið 1888, úr Pembina hjeraði, Norður Dakota. Þó var Ólafur Guðmundarson — Goodman — áður fluttur með fjölskyldu sína til Calgary, líklega ári fyrr, 1887, og faðir hans og braeður, sem fluttu litlu síðar en hann og settust þeir að hjá Ólafi. Að öðru leyti verður þessara manna getið síðar, í landnámsþættinum.

Ýmsar voru orsakir til þess, að menn fýstust, að flytja burt úr hinu frjóvsama, gagnauðga Pembina hjeraði; ekki var það fyrir þá sök, að mönnum dyldist, að Dakota væri framtíðarinnar auðæfa og hagsældarland, sem líklegt væri til, að endurgjalda í ríkulegum mæli, erfiði og tilkostnað innbyggjanna; en það var líka sjeð, að það tók sinn tíma; tók bæði langan tíma og mikil fje, svo mjög var vafasamt að sumir myndu standa gegnum það tímabil. —

Allflestir Íslendingar, sem þangað fluttu, bæði frá Nýja Íslandi og heiman frá gamla landinu, höfdu komið þungað, sem næst hví, fjelausir; margir urðu hví að hleypa sjer í stórkuldír, til að geta unnið löndin. Margir tóku það ráð, að veðsetja óðul sín og jafnvel allt sem þeir áttu, fyrir stórum peninga upphæðum, til að kaupa vinnudýr og verksfæri til akuryrkju. Lánið fjekkst, en með hinum mestu afarkostum, tilgjösum og okur rentum; og eðlilega gat ekki kornyrkjjan, sem þá var í byrjun og barndómi, gefið oss fljótan og ríkulegan arð, að lántakendurnir, gætu með nokkrum þolanlegum afkomuvegi, sloppið gegnum kúgunar klærnar. Pað sýndist vera á þeim-tínum, lík afstaða fyrir sumum, og frændum þeirra, kringum 874, annað hvort að gjörast ánaðugir þraeler okursjelaga og aðkýsinga, eða flýja í tíma óðul og eignir,

og það varð sem fyrrum, að þeir tóku síðari kostinn. — Enn var sú orsök til burtflutninganna, úr Dakota, að þangað voru komnir handan um haf, ekki svo fáir menn, bæði fjölskyldufeður og einhleypir menn, sem hugðu á landnám nær tímar liðu; en á þeim árum, var land mjög numið í Dakota, í grennd við bygðir Íslendinga, það sem nýtilegt þótti; þessum mönnum var því um tvennt að velja: annað hvort, að verða seint eða aldrei sjálfstæðir menn, eða leita sjer staðfestu í fjarliggjandi hjeruðum. Og Íslendingar voru enn of hugstórir og kjarkmíklir, til þess, að þeim fjellust hendur; þeir vildu heldur voga til hins óvissa, en lifa við áþján og ósjálfstæði; þeim hraus hugur við, að ná hvergi fótfestu á jörðunni og gjöra þannig sig og askomendur sína að ættlerum; nei, þeir vildu ráða sjer sjálfir. — Svo voru nokkrir, sem fundu sjer nauðsyn, að breyta um, vegna heilsunnar; þeir fundu, að þeir þöldu ekki loftslagið; fundu að hin löngu vetrarfrost og hið þurra, fasta meginlandslopt, myndi innan fárra ára, verða þeim að aldurtila. — Af þessum og flétri ástæðum, hugðu menn á brottflutning úr Dakota.

Í marzmánuði 1888 var skotið á fundi, skyldi þá ræða um burtflutning á næstu vordögum. Á þeim fundi voru nær þrjátíu manns; fluttu þetta mál, sjerstaklega þeir Ólafur Ólafsson, Espihóli, Einar Jónasson, laeknir, og Sigurður J. Björnsson. Sýndu þeir ljóslega fram á, hve horfurnar væru ískyggilegar fyrir ýmsum, að sitja kyrrir, og eigi uggvænt, að svo kræmi ráði sumra hinna fátæku, að þeir losnuðu nauðuglega, ef þeir ljetu undir höfuð leggjast, að hvata ferð sinni eins fljótt og hægt væri. Kom þá svo, að samþykkt var, að undirbúa landnámsfeið á næstu vori. Var þá rætt um, hvert flytja skyldi; fannst það mjög á, að hugir flestra stefndu vestur um fjöll, til hinnar veðursælu Kyrrahafs-strandar; í hugum manna

brosti við, hið tignarlega fjölbreytta útsýni, hin vestlæga náttúrusegurð; hið vestlæga haf, fjöllin, dalirnir, firðirnir, víkurnar og vogarnir, allt þetta var sem segulafl, sem dróg hugi margra að sjer, án þess, að menn, þá í svipinn, tækju nægilega tillit til erfiðleikanna og kostnaðarins, sem óhjákvaemilega hlyti að verða því samsara, að flytja þangað. Eigi þótti samt hinum hyggnari mönnum ráð, að binda þetta fastmælum, án þess, að senda mann vestur til landskoðunar og annars nauðsynlegs undirbúnings. Skyldi hann ferðast á kostnað þeirra, er hyggðu á vesturferð næsta vor. Fundurinn kaus til þeirrar ferðar, Sigurð J. Björnsson, sem fúslega gaf kost á sjer. Skyldi hann ferðast alla leið vestur að Kyrrahafi, og líta eftir hagkvæmu nýlendusvæði fyrir Íslendinga. Var Sigurði ríkt á lagt, að velja plázið, þar sem landkostir væru góðir, og gagnsemi af vötnum og ám, því mest var búist við í framtíðinni, kvíkfjárrækt og veiðiskap, sem atvinnuveg. Einnig skyldi Sigurður, búa í haginn, ýms þægindi fyrir vestursarana, svo sem með fargjald og fleira. Peninga til ferðarinnar vestur, skyldi Sigurður fá, af frjálsum fram-lögum, og ætlum vjer víst, að allir sem hlut áttu að þessu máli, hafi lagt til sinn pening, þótt oss uggi, að veganesti hans, hafi verið rýrara, en æskilegt hefði verið. Flestir höfðu þá þróngan skó í peningasökum, og urðu því, að sníða stakkinn eftir vextinum.

Sigurður tók sjer skömmu síðar far, með Norður Kyrrahafs-brautinni vestur til Vancouver; þaðan hjelt hann norður um eyjuna, allt til Nanimo, sem mun vera um þrjú hundruð mílur norður frá Victoria. Ekki mun Sigurður hafa átt kost á, á þeirri leið, að skoða land vítt yfir; en svo sagðist honum frá, að hvergi hefði sjer litizt hagkvæmar stöðvar fyrir nýbyggja; og víst var um það, að svo sneri Sigurður aptur austur um, að hann hafði

enga ákvörðun tekið um það, að leiða flokk sinn vestur að Kyrrahafi. Sumum mun nú hafa fundizt Sigurður reka slælega, sitt erindi þar vestra; en að öllu yfirveguðu sýnist það hafa haft við lítið að styðjast. Sigurð skorti hvortveggja, fje og tíma til, að svipta sjer frá einu plázi til annars þar vestra; og það er víst, í því efni gat hann naumast breytt gagnvart flokk sínum öðruvísi, en hann gjörði, hvað Kyrrahafsferðina snerti. —.

Þegar Sigurður kom að vestan til Calgary, fann hann Ólaf Goodman, sem fyrr er nefndur; tóku þeir tal með sjer, um vesturflutning Dakota manna. Ólafur hafði þá, eigi löngu áður, ferðast norður, til að líta eptir landkostum kringum Red Deer ána; leizt honum land þar mjög vel og þar myndi gott nýlendusvæði; kvað hann sjer svo hug um segja, að þar myndi vel fallið, að Íslendingar stofnuðu nýlendu. Búinn mun Ólafur hafa verið þá, að taka þar land fyrir sig og föður sinn, þó vjer ekki kunnum að segja það víst, og hefði svo verið, var mjög eðlilegt, að hann hlynnti að því, að Íslendingar flyttu þar norður um; en slíkt þurfti samt ekki að vera ástæðan, því Ólafur varð kunnur að því, að vilja löndum sínum hið bezta, sem opt gaf raun á. — Hvatti hann nú Sigurð til, að fara norður og kanna landið norðan Red Deer árinnar. En hvort sem þeim ráðum var ráðið stutt eða lengi, þá rjeðist það, að Sigurður færí norður; fjekk Ólafur honum til fylgdar, bróður sinn, Sigfús Goodman, sem áður hafði farið norður, og var því kunnugur leiðinni. Í þeirri ferð skoðaði Sigurður landið norður frá Red Deer ánni, þrjú "township". — Leizt honum land þar, hið byggilegasta, og ákvað, að fá sett til síðu Townsh. 36, Range 1. og Townsh. 36, R. 2., fyrir íslenzka innflytjendur. Að því framkvæmdu, hjelt hann aptur til Dakota, og kom þangað fyrst dagana af maímánuði.

Sigurður hafði frá Calgary, ritað ýmsum syðra, og sagt hið ljósasta af ferðum sínum. Segir hann þá svo í brjefi til míni: „Mjer leizt vel á landið norður frá Red Deer ánni; jarðvegur er þar góður og grösugur; skiptist þar á meginlega, plögland og engi, með skógabeltum hjer og þar. Veiði er sögð þar hvívetna í ám og vötnum, og vetrar eru sagðir að vera styttri og vægri í Alberta, en austur í Manitoba“⁴. Þegar Sigurður kom suður úr ferð sinni, höfðu menn selt talsvert af eignum sínum; og þótt mönnum þætti all-illt, að verða að breyta ætlun sinni, að flytja vestur að Kyrrahafi, breyttist þó ekki áform manna að flytja burtu. Sigurður eggjaði menn, að flytja vestur til Alberta; kvað sjer þar sýnast landakosti góða. Kvaðst hann hugsa, að það pláz, væri mjög eptir kröfum Íslendinga, og við heirra skap, að loptslagi, veðráttu og landkostum. Var þá fastmaelum bundið, að flytja til Alberta, og byrja landnám, á því landsplázi, sem Sigurður hafði skoðað og ákveðið, og í grend við það. — Það var hvorttveggja, að flestir þeir, sem höfðu ráðið til þessarar farar, voru fátækir menn, og hitt: að eignir þeirra seldust varla fyrir hálfvirði; peninga upphædir þeirra urðu því harla smáar, til að flytja mörg hundruð mílur, og byrja svo búnað í afskekktu, ónumdu hjeraði. Súmir voru svo efnalausir, að þeir höfðu lítið meir en farareyri.

Tuttugasta og fjórða maímánaðar 1888, var ferðin byrjuð; fólk og farangur, var flutt á hestavögnum norður að landamærum ríkjanna. Í Gretna voru keypt farbrjef til Winnipeg, sem kostuði þrjá dali. Engar lifandi skepnur mátti þá flytja norðuryfir landamærin, utan með þeim skildaga að hafa þær í haldi við merkjalínuna 90 daga á eigendanna kostnað, og sáu menn hann lítt kleyfan. S. J. Björnsson, gaf þær upplýsingar, að nautgripir í Alberta, væru í afarverði, eins og síðar gaf raun á. Var

því til ráðs tekið, að kaupa nokkrar kýr í Gretna og þær í grennd og flytja þær vestur. Voru þá keyptar 12 kýr og 1 árungr; verðið á þeim var 20—25 dali hver kýr. Flestar voru kýr þessar magrar og ljótar útlits, og óbættar að kynferði. Svo var leigður járnbrautarvagn fyrir 85 dali, til að flytja þessa nautgripi og farangur manna vestur til Calgary; einn maður hafði frítt far í vagninum til að hirða gripina á ferðinni. — Svo var ferðinni haldið áfram til Winnipeg.

Í Winnipeg urðu menn að dvelja nærfelt two sólarhringa, af þeirri ástæðu, að S. J. Björnsson áleit ráðlegast, að kaupa þar ýms búsgögn, svo sem matreiðslustór og ýms smærri áhöld; kvaðst hann vita, að allt þesskonar væri dýrara vestur í Calgary, sem þó ekki var í raun og veru þegar flutningskostnaður var lagður við söluverðið, svo það varð að eins til fyrirhafnar, en engrahagsbóta; og það ætlum vjer óhætt að segja, að slíkt var vanhyggju Sigurðar að kenna. Svo voru menn að heimsækja vini og vandamenn, sem bjuggu í borginni, og kveðja þá. — Þá voru farbrjef keypt til Calgary, og fengu vesturfarar þau fyrir hálf verð, 17 dali og 50 cent fyrir fullorðna.

Í hópnum, sem flutti frá Dakota, voru þessir fjölskyldufeður: Sigurður J. Björnsson, Ólafur Ólafsson, frá Espihóli, Bénidikt Ólafsson, Einar Jónasson, laeknir, Sigurður Árnason, Bjarni Jónsson, Jónas J. Hunford, Benidikt Jónsson, Bardal, Gísli Jónsson, Dalmann. Í ferðinni voru einnig þrír fjölskyldulausir menn: Guðmundur Þorláksson, Jón Guðmundarson og Jósef Jónsson. Í Winnipeg keyptu sjer einnig far vestur: Jóhann Björnsson, Eyjólfur Helgason og einn einhleypur maður, Jón Einarsson. Frá Winnipeg var lagt á stað 29. maí-mánaðar og komið til Calgary aðfaranótt 1. júnímánaðar.

Settust menn þá að á ianflytjendahúsínu, fyrst. Ýmsra ástæðna vegna dvöldu innflytjendur í Calgary nokkra daga. Mjög var þá ráð á reiki, og ýmsar voru þá ráðagjörðir manna. Vildu sumir setjast að í Calgary-bæ, og sæta atvinnu, sem þá var nokkur í bænum; hinir voru þó fleiri, sem fýstu að flytja norður til syrirheitna landsins; það urðu líka úrslit þeirra mála, að þeir, sem enn höfðu dálitla peninga, bjuggust til norðurferðar, en til allrar óhamingju, snelu að því ráði sumir af þeim, sem varla höfðu til næsta dags, og sem betur höfðu ráðið, að sitja kyrrir, og búa í haginn fyrir seinni tímann, og til þess rjeði Ólafur Goodman fastlega. Betur hefði farið, hefði ráðum hans verið hlýtað, og máttu hinir fátækari gjalda þeirrar glópsku sinnar lengi síðan. Allir flutningar norður um, voru þá torsóttir. Engin járnbraut var þá norður um landið, frá Calgary; en losorð um, að hún yrði byggð innan skamms, og gefið í skyn, að hún rynni um það landsvæði, sem Íslendingar ætluðu að nema. Til Red Deer árinnar eru frá Calgary nær 80 mílur vegar, sem þá varð að fara á hestavögnum. Þegar rigningartíð stóð yfir, var vegur þessi lítt fær. — Peir sem norður ætluðu að flytja, urðu að leigja mann, til að flytja allan farangur sinn, norður að Red Deer á, og kostaði það ærna peninga, sem þá um sinn, hefðu verið til annars betur brúkaðir. En svo var það þó ef til vill nfinnsti kostnaðurinn við þessa ferð. Fyrir þessa menn, var eigi um annað að gjöra, en kaupa fleiri pör af hestum, til að geta bæði komið fram ferðinni, og svo var fyrirsjánlega ókleyft fyrir þessa nýbyggja, að eiga engin akdýr. Rjeðist það þá, að þeir af floknum, sem helzt höfðu dálítíl peningaráð, keyptu þrjú eða fjögur hestapör, aktygi á þau og tilsvarandi vagna, og á þeim skyldi svo flytja fólk, sengurklaði og nauðsynlegan klæðnað til ferðarinnar. Hestar þessir voru smáir,

og ekki í góðu útliti, dugðu því síður en skyldi; samt voru þeir afardýrir.

Í Calgary dvaldist mönnum, bæði vegna ýmissa undirbúnings umsvifa, og svo rigninga, sem þá voru óvanalega miklar. Nálægt miðjum júnímánuði, mun flokkurinn hafa tekið sig upp úr bænum og stefnt á norðurleið. Ferð þessi var bæði torsótt og erfið, og bar til þess einkum tvennt: það, að akdýrin voru illa í standi til þeirrar ferðar og hitt: að vegir voru lítt færir, vegna rigninganna, sem þá gengu. Það var ekki ósjaldan, að öllu ytdi að afhlessa, fólk og flutningi; karlmenn urðu að ganga nær því alla leiðina, nema að eins keyrslumenn. Margssinnis urðu karlmenn að bera kvennfólk og börn yfir verstu forræðin, því annars myndi það hafa gjörsamlega sokkið. — Það var næstum óskiljanlegt, hvað konur og börn entust og hjeldulífi og heilsu, því aðbúnaður og meðferð, var hið versta, sem hugsazt gat. Mann hryllir enn við því, að hugsa til þess, að sjá konurnar ofan á ýmsum flutningi á vögnunum, með barnahópinn utan um sig, opt votar og kaldar; koma svo til náttstaðar, og leggjast til hvíldar ofan á blauta og kalda jörðina. Dagleiðir voru stuttar, stundum að eins 10 mílur. Á sjötta degi, náði flokkurinn norður að Red Deer ánni, þar sem síðar var kallaður Myllnubakki. — Urðu menn því harla fegnir, að vera komnir það áleiðis með heilu og höldnu, þótt margt misjafnt hefði á dagana driftið, og menn og skepnur væri þreytt og þjakað. Slógu menn þá upp tjöldum og tóku á sig náðir.

Heldur hafði mönnum fundizt, daufit á að líta, á plázzinu frá Calgary til Red Deer; að eins sáust 5 hús á allri þeirri leið, meðfram veginum; í þeim bjuggu menn, sem höfðu sezt þar að, sumir fyrir löngum tíma, mest í þeim tilgangi, að hafa fje út úr ferðamönnum, því sá vegur var

fjölfarinn; seldu þeir ýmislegt, sem ferðamenn máttu ekki án vera, og okruðu þeir óspart á þeirri sölu. Yfir að líta, mátti segja, að þetta væri auðn ein. Þegar norðar dróg, nálægt Red Deer, sáust á stóku stöðum til vesturs, nýbýli, sunnan litlu Red Deer árinnar, sem rennur frá suðvestri í stóru Red Deer. Það er nú kallað Litlu Red Deer hjerað, og er nú fjölbryggt. Hinir fyrstu landnemar þar, komu austan úr fylkjum, frá Ontario og víðar, sumir með nokkur efni, enda eru þar sumir orðnir vel efnaðir.

Pótt menn hefðu nú yfirstigið marga örðugleika á þessari leið, sáu menn, að enn var versti farartálminn ósigrarður, sá þróskuldurinn, sem þá og lengi eptir það, varð nýlendubúum til skaða og örðugleika. Hin geigvæna Red Deer á, bauð ferðafólkini byrginn; nú veltist hún fram í stór flóði svo aegilegu, að annað slíkt sáu menn ekki um næsta áratug. Til norðurs og norðvesturs, blasti við hinumegin árinnar syrirheitna landið, sem Jósúa okkar hafði útvalið, en sem nú var auðn ein yfir að líta. Aðeins var komið eitt íbúðarhús á norðurbakka árinnar; lifði í því einbúi, að nafni L. Zage. — Nú þótti flestum últitið hið ískyggilegasta; þótt menn fynndi nú ráð til að yfirstíga ána, sem ógnaði með sínu ofsamagni, var þá samt ekki aegilegt að vera hinumegin, að miklu leyti útilokaður frá öllum lífsþægindum og lífsskilyrðum hvítra manna? Hver vissi hvað lengi? Það var ekki ástæðulaust, að sumir hugsuðu líkt þessu. En menn voru líka fullir af fögrum vonum; þá dreymdi um góða og farsæla framtið, og það meira en nokkuð annað jók mönnum dug og eins og stælti þeirra andlega og líkamlega framsóknarafl. — Mönnum hafði verið gefnar vonir um, að innan skamms skyldi verða byggð járnbraut frá Calgary norðum til Edmonton; það styrkti líka menn eigi all-lítíð í þeirri von, að litlu vestar en tjöldin stóðu meðfram ánni,

var búið að byggja dálítinn kafla undir járnbraut, og eptir því, sýndust líkurnar býsna sterkar, að hin fyrirhugaða járnbraut, ætti að byggjast gegnum hið fyrirhugað nýlendusvæði, eða í grennd við það. Annað sem þótti styrkja líkurnar var, að búið var að flytja þangað á bakkanum, ný vönduð áhöld til sögunar, gufuketil og sagir m.fl., sem Athabaska-fjelagið átti, og búið að byggja tvö bjálkahús, til ísbúðar og geymslu. Í þeim lifði einn maður á kostnað fjelagsins, til eptirlits á gózi þess. Kvað hann fjelagið myndi innan skamms byggja mylnuna og taka til starfa. Hugðu menn gott til, að þarna myndi opnast atvinna um langan tíma og tækifæri, til að fá sagðan við í byggingar, en sem reyndust tálvonor einar; mylnan var að vísu byggð seint og síðar meir, en starfaði lítið og stutt, svo mönnum varð að henni lítil hagnaðarbót. Samráða urðu menn um það, að flytja norður yfir ána, en það sem var nú torveldast, var að koma fólk og fjenaði norður yfir ána. Ekki var þarna um báta að tala, sém til flutninga væru færir. Að vísu voru þar við ána tveir smábátar, sm varla voru fyrir nema einn mann, en eigi voru þeir álitleg ferja í stórfloðum; samt fóru Íslendingar opt á þeim yfir ána meðan þeir dvöldu á bakkanum. Þá var það einhverju sinni að Zage sá, er fyrr er nefndur, kom til móts við Íslendinga, innti hann til við Sigurð Jóssúa, að hann fengi sjer menn til liðveizlu. Kvaðst hann vetrinum ádur, hafa felda bjálka til húsagjörða, upp í tungu þeirri, er fram gengur á millum ánnu Red Deer og Medicine; kvaðst hann mundi setja þá í samfastan fleka, og flota honum síðan eptir ánum ofan, móts við bústað sinn; hjet hann að launa þessa liðveizlu ósleitilega, sjerrstaklega með því, að flytja á bjálkaflotanum, Íslendinga og búslóð þeirra, yfir um ána; ljet hann að eigi mundi það torvelt og talaði um það digurmannlega; kom svo að

Jósúa gein yfir flugu þessari, og hjet honum liðveizlu; leitaði hann þá um við menn, hverjir vildu verða til fararinnar. Urðu til þess, þeir Benidikt Bardal, Guðm. Þorláksson, Jón Guðmundarson og Jón Einarsson; urðu þeir vel við kvöð þessari og hugðust með því geta leyst vandræði manna, að komast auðveldlega yfir ána. L. Zage átti hestapar, og sást ei annað slíkt, því síður betra á þeim árum í Alberta. Það voru tvö merhryssi brún að lit, að öllu hin vænlegustu; það var að ágætum haft, að Zage hefði dregið á þeim frá Calgary 5000 pd. þungt hlass, en um sanuleiksgildi þeirrar sögu, veit jeg ekki víst, hitt vissi jeg að hann treysti þeim mikil og taldi þeim fátt ókleyft. — Zage þurfti yfir Medicine ána í tunguna, þangað sem bjálkaviðurinn var; áin var í aegilegu stórfloði, samt hugði Zage, að keyra yfir hana á brúnu hryssunum með Íslendingana; það gjörði hann með þeim hætti, að allt fór á kaf, óðar en tók frá landi; flæktað þá önnur hryssan í aktygjunum og skall flöt, en hin hryssan dróg allt ein á sundinu; stóðu Íslendingar þá í vagninum og tók vatnið þeim undir hendur; allt náði samt miður hagkvæmri lendingu undir bakka, hvar hryssan náði vel niðri; stukku þá mennirnir út úr vagninum, og skáru fjöturin af þeirri hryssunni, sem fallin var; mennirnir stóðu þar í bakkanum og náðu að eins niðri. Lág þá við að Zage yrði hugfall, en Íslendingar mæltu ekki æðruord. Menn og skepnur björguðust upp á bakkann, en eigi varð af framkvæmdum hvað vinnuna áhrærði. Allt sem Íslendingar höfðu, var lífshætta og hrakningar en annað ekki.

Pegar þessi „Flosaráð“ urðu að engu, tókst að nýju ráðagjörð um það, að fá komið yfir ána; rignigatið in stóð enn yfir, svo áin hjelzt í stórfloði, og ósýnt var, að hún myndi lækka svo um langan tíma, að hún yrði farin

er seld í öllum löndum hins mentaða heims. Fyrir nokkru síðan setti félagið umboðsmenn á Íslandi og er vél þeirra seld í Reykjavík af þeim herrum O. Johnson & Kaaber. Nú á tímum er varla sú sýslan rekin, að eigi séu öll bréfviðaskifti og aðrar skriftir gjörðar á síkar vélar, og þykir mikill tímasparnaður, fyrir utan það, hvað þau plögg eru fegurri og betri til aflesturs en þau sem rituð eru með hendi. Félagið selur vélar sínar með góðum borgunarskilmálum. Lesið auglýsing félagsins á síðustu blaðsíðu þessa almanakks.

Innihald Almanaksins 1909.

Tímatalið — Myrkvar — Árstíðirnar — Tunglið — Um tímatíð — Páskatímabilið — Pláneturnar — Páska- dagur — Sóltimi — Veðurfræði Herschel's — Ártöl nokkurra merkisviðburða — Til minnis um Ísland — Stærð úthafanna — Lengstur dagur — Pegas klukk- an er 12 — Almanaksmánuðurnir.....	bls. 1—20
William Howard Taft, með mynd. Eftir Wm. Stead i <i>Reviews of Reviews</i> (F.J.B.)	bls. 21—30
Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi, Fyrsti þáttur landnámssögu Alberta- héraðs. Eftir Jónas J. Hunford	" 31—44
Björn Sigvaldason (Walterson), með mynd. Eftir F. J. B.	" 45—54
Jón Ólafsson á Brú, með mynd. Eftir F.J.B.	" 55—64
Abraham Lincoln, með mynd. Eftir Sigtr. Jónasson	" 65—79
Íslenzkt heljarmenni. Eftir Jóh. Magnús Bjarnason. (Saga frá Nýja Skotlandi).	" 80—92
Helztu viðburðir og mannalát meðal Ísl. í Vesturheimi	" 93—101
Uppsakeruskýrsla. Eftir Björn Sigvaldason [Walterson]	" 101
Suður á Spáni, smásaga	" 101—2
Stórt brúðkaup	" 103

STÓRT BRÚDKAUP.

Stærsta og undir eins einkennilegasta brúðkaupið, sem sögur fara af, átti sér stað á sléttum velli skamt frá borginni Susa í Persarfíki, fyrir eitthvað 2235 árum síðan. Brúðgumarnir voru talsins 10,101, — segi og skrifa tóu þúsund eitt hundrað og einn! Peir kvonguðust allir á sömu stund, í einum og sama veizlu-skála, er bygður hafði verið þar á vellinum fyrir þá hátiðlegu athöfn einungis.

Það var Alexander mikli sem stýrði þessu brúðkaupi og var einn brúðguminn sjálfur. Eftir sigurveiningar sínar í Persarfíki vildi hann stuðla til friðar og andlegrar einingar sigurvegaranna og þeirra yfirunnu, og aleit því málí bezt hrundið áleidis með því að láta menn sína taka sér persneskar meyjar fyrir konur. Sjálfur gekk hann á undan „þöðrum til eftirdæmis“ og festi sér Statiru döttur Darfíusar III. Persakonungs. Hundrað af hans tignustu herfingjum festu sér 100 meyjar af tignustu réttum Persa og Medea, og 10,000 grískir hermenn festu sér jafnmargar persneskar meyjar af ýmsum stéttum, — úrvalið af kvenlegri segurð vitaskuld.

Alexander efndi veglega til brúðkaupsveizlunnar. Lét meðal annars byggja þennan mikla skála. Veizluskálinn sjálfur var þannig gerður, að 80 feta háir steinstöplar voru bygðir og á þeim hvíldi hvölf-pák mikið. En veggirnir voru aðal-lega dýrindis dúkar og rósavefnaður, með öllum litum og þeir aftur skryddir með galli og gimsteinum. Út frá veizlu-skálanum voru aðrir skálar, 100 að tölu, fyrir herfingjana og brúðir þeirra og þar út í frá aftur 10,000 herbergi fyrir hermennina grísku og þeirra brúðir. — Framundan veizluskálanum, undir beru lofti, var röst eftir röst af gestaborðum, þar sem boðsgestir allir skyldu borað og gjöra sig glæða.

Inni f skálanum var sætum hagað þannig, að þau gengu í baugmyndum röstum, hvoru megin við og út frá hásaetinu. Bil var á milli hvorra tveggja sæta, svo ekki þrengdi að neinum af brúðhjónum. Gyltur bikar var á borðinu hjá hvorum brúðguma, svo ekki þyrfti minnisdrykkjan að fara f handaskolum. Brúðgumarnir gengu fyrst í skálann og er þeir höfðu allir tekið sreti voru lúðrar þeyttir, til þess bæði að kunngjöra það boðsgestum og til að gefa brúðurunum bendingu um að „þeirra stund væri komin“. Gengu þær þá í skálann og tóku tilætluð sæti. Þegar kyrð var komin á byrjaði hjónavíglu-athöfnin, sem var bæði óbrotin og að því skapi stutt. Alexander konungur stóð upp, rétti Statiru hönd sína, nefndi hana konu sína og kysti hana. Eftirleikurinn var svo óvandur, að hinir 10,100 brúðgumarnir gjörðu slíkt hið sama. Svo var hjónavígslan á enda.

REMINGTON STANDARD TYPEWRITER.

Vér viljum leiða athygli íslenzkra business-manna og annarra að Remington-leturskriftar-vélinni, sem er eina vélin af þeirri tegund sem skrifa má með bæði málín ensku og íslenzku. Íslenzku stafirnir: þ, ð, á, é, í, ó, ú, ý, ö og æ, eru góðir og skýrir. Remington-vélin er viðurkend að vera fullkomnasta leturskriftarvél sem til er og

á hestum, með fólk og flutning. Nokkrir höfðu keypt í fjelagi, dálítið af borðvið í Calgary og flutt hann með sjer. Þá var það til ráðs tekið, að byggja flatbáta til flutnings yfir ána úr þeim borðvið sem til var. Voru þeir Ólafur Ólafsson, B. Bardal og Gísli Dalmann, vanir bátasmíðir frá Nýja Íslandi, og tóku því til starfa. Dvöldu menn þar nað á bakkanum, meðan á bátssmíðinni stóð.

Það var þriðjudaginn 27. júnímánaðar, að flytja skyldi yfir um ána. Báturinn var þá fullgjör; á honum skyldi flytja fólk ið, farangurinn og vagnana, og hafa hestana á eptir bátnum, en nautgripina skyldi láta synda yfir. Þetta var gjört og tókst óhappalaust, en svaðilsför var það mikil á mönnum og skepnum. Þegar öllum flutningum var lokið, var dagur að kveldi kominn, og sváfu menn í tjöldum þá nött í grennd við bústað Zage.

Þarna voru þá komnir norður fyrir Red Deer, 11 fjölskyldufeður og fjórir menn einhleypir. Alls mun fólk ið hafa verið samtals 50, eða sem næst því.

Ennfremur var í þeim flokki, Guðmundur Jónsson, faðir Ólafs Goodmans, sem kom frá Calgary, en hafði áður fest sjer land nyðra. — Með honum var Jón Jónsson, sem hafði farið úr Dakota veturninn áður, og vann hjá O. Goodman; hafði Ólafur fengið hann til fylgdar við föður sinn, og aðstoðar, meðan Guðm. væri að byggja á landi sínu; í þessari ferð festi Jón land fyrir sig og föður sinn, sem þá var enn ókominn frá Dakota; Jón hvarf að því búnu aptur til Calgary og sætti þar atvinnu langan tíma. Kona hans og börn komu með flokknum um vorið frá Dakota. — Næsta dag eptir, 28. Juní, fóru menn að litast um; allir voru þá búinir að fá meira en nóg af ferðalaginu, og urðu því fegnr að setjast um kyrrt; dreifðust menn þá, og leituðust fyrir hvar bezt myndi til bólstaðar; hölðu sumir meira umstang fyrir því en þurft hefði, og kom þó

ekki heppilega niður, eins og sýndi sig síðar; en dreifing-in á þessum fámenna fátæka flokk, var til þess, að draga úr þeim litlu kröftum, sem hann hafði yfir að ráða, og gjöra líf hinna fátæku nýbýlinga enn erfiðara. Nú eftir 20 ár, er sem hrollur fari um mann, að líta til baka og virða fyrir sjer ástæðurnar, eins og þær voru þá; að vera komnir með konur og börn, allir eignalitlir, sumir eignalausir, út á þessa auðn, næstum 100 mílur burt frá öllum lífsþægindum, var í mesta máta voðalegt, enda máttu margir lengi, gjalda þeirrar fífl-dyrfsku. Og ekki síður er það aðdáunarvert, hve vel rættist fram úr örðugleikunum fyrir flestum, af þessum fyrstu landnemum

Pað hefir flestum komið saman um, að rjett væri, að telja aldur landnámsins frá 27. júnímánaðar 1888.

(Rithaetti hins heiðraða höfundar hefir hér verið fylgt eftir hans tilmælum.
—ÚTGEF.).





BJÖRN SIGVALDASON.



Björn Sigvaldason (Walterson.)

ur komið ár vel fyrir borð, einkum síðari ár. Sögu eins íslenzka bónadans viljum vér í þetta sinn leitast við að segja og vonum, að lesendum vorum þyki nokkur fróðleikur að.

ENGIR menn hafa verið þjóðflokki sín um hér í álfu til jafn mikils sóma og íslenzkir bændur. Íslendingar eru bændaþjóð og þess vegna við því að búast, að búskapur muni farnast þeim bezt, er þeir taka að þreyta kapp við aðrar þjóðir í atvinnuvegum þeirra. Enda hefir sú raun á orðið. Búsýsla úti á landsbygð hefir reynst þeim miklu betur yfirleitt, en líf í borgum, þó þar hafi líka marg-

Björn Sigvaldason (Walterson) er fæddur 10 sept. 1852 á Meiðavöllum í Kelduhverfi í Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru þau hjón, Sigvaldi Björnsson og Valgerður Jósefsdóttir. Bjó Jósef faðir hennar á Meiðavöllum allan búskap sinn. Foreldrar Björns fluttust að Prestshvammi í Grenjaðarstaðarsókn. Þar dó faðir hans, er Björn var átta ára gamall. Voru börnin fjögur og öll í ómegð, er móðir þeirra varð ekkja, Jósef (Walter) yngstur, drengur, sem dó í æsku, Halldóra (gift kona í Argyle) og Björn elztur. Brá nú móðir þeirra búi og fluttist norður í Kelduhverfi. Var Björn þá tekinn til fósturs af Jósef Björnssyni, móðurbróður sínum í Vestaralandi í Axarfirði og með honum var hann þangað til hann var 14 ára. Eftir það fór hann að hafa ofan af fyrir sér sjálfur og var í vinnumennsku þangað til hann var 21 árs. Gekk hann þá að eiga Kristínu Þorsteinsdóttur frá Nýjabæ á Fjöllum, ekkju Guðmundar Flóventssonar á Hafurstöðum í Axarfirði. Hófu þau búskap á Austaralandi í Axarfirði, en bjuggu þar að eins eitt ár. Þá tóku þau það ráð að leita af landi burt og freista, hvort ekki væri vænna til búskapar þar. Björn vissi um svo marga, er byrjað hefði búskap fátaekir menn og orðið eftir sá ár að fara á sveitina sökum fátaektar. Þau örlög óttaðist hann frekar en flest annað, því hugurinn var snemma stór. Manninn langaði til að verða sjálfbjarga og komast svo langt, að hann yrði fremur veitandi en þiggjandi.

Pað var þjóðhátfíðarárið 1874. Pað hittist svo á, að Björn kvaddi aettjörð sína afmælisdag sinn 10. sept. Var hann þá 22. ára gamall, með konu og eitt barn, fárra vikná gamalt, og nokkurn veginn einn síns liðs þar úr sveitinni. Tók hann sér far með eimskipinu Sankti Patreki, sem gekk beina leið frá Íslandi til Quebec. Með því fóru hér um bil 400 manns. Í þeiri fór voru ýmsir

elztu Vestur-Íslendingar, sem nú eru nafnkunnir menn : Brynjúlfur Brynjúlfsson frá Skeggjastöðum í Húnavatnssýlu, Jakob Hákonarson Espólín, Hannes Jónsson frá Pernumýri í Húnavatnssýlu.

Sigtryggur Jónasson kom til móts við hópinn í Quebec og sömuleiðis Jóhannes Arngrímsson, sem þá var erindreki *Nova Scotia*-stjórnar. Þegar Björn kom til Quebec, átti hann eina spesiú í vasa; ekki var nú auðurinn meiri. Hópurinn fylgdist allur með Sigtryggi til Kinmount-bæjar í Ontario-fylki. Þar útvegaði hann öllum, sem unnið gátu, járnbrautarvinnu, sem entist þeim í fjóra mánuði, eða þangað til í marz vorið eftir. Um veturninn dóu öll börn innflyjtjenda þessarra, þau er voru á 1. og 2. ári. Síðasta ungbarnið, sem lézt, var barn þeirra Björns og Kristínar. Slæmu húsnæði og þrengslum var kent um þenna barnadauða. Heilsufar mátti þó heita bærilegt á fullorðnum.

Frá Kinmount fóru margir, þegar járnbrautarvinnan var úti, til bæjarins Millbrook, einar 70 mílur austur. En einnig þar var atvinna lítil. Þau Björn og kona hans réðust til bónda eins skozks, þar úti á landsbygðinni og reyndist hann þeim vel. En nú tók hópurinn að tvístrast allmjög. Nokkurir fylgdust með Jóhannesi Arngrímssyni til Nova Scotia-fylkis og námu þar land í skóglendi miklu milli héraðanna Musquodoboit og Mooselands, sem skáldið Jóhann Magnús Bjarnason hefir lýst svo greinilega í sögum sínum. Stjórnin gaf þeim atvinnu við að ryðja braut gegn um skógana milli héraða þessarra um sumarið. Hverjum landnema bauð hún 100 ekrur af skóglendi þessu; reisti þar bjálkakofa, 16 fóta breiðan og 18 fóta langan og lét ryðja skógi af einni ekru, til þess bóniði hefði ofurlítið sáðland þegar á næsta vori. Þótti flestum þetta góð boð og aðgengileg, eins og líka hefði verið, ef landkostir hefði reynst góðir.

Björn dvaldi um sex mánaða bil með bón danum skozka í grend við Millbrook, sem fyrr er getið. Reyndist Skotinn honnm sérlega vel. Nam hann þar akuryrkju og veitti hér lendu búskaparlagi nákvæma eftirtekt. Að þeim tíma líðnum fluttist hann og þau hjón bæði eftir þessum landnemahópi út í skógarhérað þetta í Marklandi hinu forna. Nam hann þar 100 ekrur lands að dæmi annarrar landa sinna og settist þar að haustið 1875. Höfðu þá einar 20—30 íslenzkar fjölskyldur numið þar lönd. Næstu ár bættust fleiri við frá Íslandi, svo landnemar munu að síðustu hafa orðið einir 35. Svo móttí heita, að stjórnin léti sér farast vel við Íslendinga. Fyrsta veturninn lánaði hún þeim matvæli svo að allmiklu nam, og heimtaði aldrei endurgjald fyrir. Einnig sá hún öllum fyrir útsæði næsta vor.

Eigi var setið auðum höndum þarna í nýlendunni, þegar voru tók. Fyrsta ætlunarverkið var að ryðja skógin og var ekki sérlega árennilegt. Um það geta allir þeir borið, sem séð hafa frumskógana á meginlaundi þessu. En til þeirra starfa var nú tekið og voru þá einatt þrír og fjórir einyrkjar í félagi, svo betur ynnist. Um vorið sáðu þeir til hafra, bóghveitis og jarðepla. Engin akneyti höfðu þeir né áburðardýr. En kýr eignuðust þeir smám saman. Næsta örðugt var þarna með aðdrætti alla. Til næstu mölunarmylnu voru 17 mílur vegar. Pangar urðu þeir að draga hafra og bóghveiti á vetrum til mölunar og ganga sjálfir fyrir ækjum, tveir og tveir.

Eftir því sem þeir voru þarna lengur og þekking þeirra á landsháttum fór vaxandi, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að jarðvegurinn væri hrjóstugur, ófrjór og endingarlítill. Birni leizt því eigi landnám þetta til frambúðar fremur en öðrum. Hann hafði komist í skilning um, hve akuryrkja er ánægjuleg og arðvænleg, er hann var

með skozka bón danum í Ontario, ef jarðvegur er hentugur og önnur gróðrarskilyrði. Honum hraus því hugur við að slíta kröftum við að rækta ófrjóan jarðveg og lélegan. Las líka í innlendum dagblöðum um landgæði mikil til akuryrkju í Norður-Dakota í Bandaríkjum og Manitoba-fylki vestur í landi. Voru þar þá talin framtíðarlönd kornyrkjunnar, eins og líka reynd hefir á orðið. Þetta gróf um sig hjá honum og fleirum. Á öðru ári þarna í nýlendunni eignuðust þau hjón son.

Hálft sjötta ár hélt Björn þarna við. En þegar efni leyfðu, tók hann sig upp fyrstur manna og bjóst til brotflutnings vestur til Manitoba. Lítið varð honum úr bújörð sinni. Þó hafði hann eins og aðrir fengið fullkomíð eignarbréf frá stjórninni fyrir landeign sinni. Hann seldi jörðina í orði fyrir eina 80 dalir; 20 fekk hann, en 60 dalir af umsömdu andvirði hafa honum aldrei goldist; kaupandi náði eignarbréfi af þeim, er Björn skyldi það eftir hjá, um leið og hann galt fyrstu 20 dalina og notaði sér það. Þrjár fjölskyldur aðrar fluttust brott úr nýlendunni með Birni. Magnús Brynjólfsson fór til Duluth, Sigurjón Svanlaugsson til Minniota-nýlendu, Hannes Jónsson frá Pernumýri fór til Winnipeg með Birni og konu hans.

Þegar þangað kom, átti Björn einn bréf-dollar í vasa, álíka mikið fé og hann hafði haft, er hann steig á land í Quebec. Það var sumarið 1881 í júlmánuði. Hann var svo heppinn að fá vinnu þegar í stað. Jósef bródir hans var kominn til Winnipeg einum þrem mánuðum áður. Björn starfaði að húsagjörð um sumarið og fram á haust. Þá lagðist hann í taugaveiki og lá í þrettán vikur. Var það næsta erfiður tími eins og verða vill, þegar veikindi koma upp á. En marga átti hann þá góða menn að, sem veittu liðsinni á ýmsan hátt, og læknishjálpar naut hann ágætrar. Orsök til veikindanna var of hörð vinna. Enda

hafði Björn unnið hverja klukkustund frá því hann kom til Winnipeg og þangað til hann lagðist. Þegar bati fór að koma, rétti hann furðu fljótt við aftur, svo hann komst á fætur um miðjan vetur. Og að sex vikum liðnum var hann farinn að vinna hæga vinnu. Hér um bil ári áður höfðu fyrstu landnemar sezt að á jörðum sínum í Argylebygð. Hugur Björns stóð enn sem fyrr til búskapar og akuryrkju. Tók hann sér ferð á hendur vestur til að líta eftir landkostum. Varð það úr, að hann nam þar land í marzmánuði vorið 1882. Máttu þá allir, sem gátu, ánaðna sér tvennar 160 ekrur, annað heimilisréttarland (*homestead*) svo nefnt, hitt með forkaupsrétti (*preemption*). Björn langaði til að ná í hvorttveggja, en varð að taka 10 dali til láns hjá kunningja sínum til þess að geta greitt skrifstofugjaldið. Að því búnu fór hann til Winnipeg aftur og vann daglaunavinnu alt það sumar, þangað til 18. okt. um haustið. Varð hann þá að fara að gegna skyldum sínum á landinu. Reisti hann torfskofa til íbúðar, eins og þá var titt, 6. nóvember og var að því starfi ekki lengur en svo sem viku tíma. Þar settist hann að með konu sína og eitt barn 6. jan. 1883. Eigi var bústofn fjölskrúðugur. Hann átti eina kú, akneyti til hálfs við annan mann og 15 dali í peningum, til lífsnauðsynja. Um veturinn varð hann að leyta sér atvinnu með iunlendum bónda og starfa að skógarhöggi, til þess að geta framfleytt sér og sínum.

Um vorið átti hann fjórar ekrur lands plægðar. Hafði hann látið plægja þær um leið og hann ánaðnaði sér lönd sín. Í þenna litla akurblett sáði hann um vorið hveitikorni mestmagnis, en auk þess jarðeplum og garð-ávöxtum. Um haustið fékk hann 23 bushel-mál af ekru hverri og góða uppskeru af jarðeplum. Sumarið 1883 gat hann plægt 10 ekrur í viðbót, en varð það sumar að

fara til Winnipeg og vinna þar í two mánuði til þess að hafa eitthvað fyrir sig að leggja næsta vetur. Átti hann nú eftir eins árs búskap 14 ekra plægðan akur á jörð sinni og þótti gott. Næsta erfitt var þá um aðdrætti alla í Argyle-bygð, svo naumast mega þeir menn, sem nú eru ungar, gjöra sér í hugarlund, við hve mikla örðugleika fędur þeirra áttu að etja. Löng leið var til markaðar og engum bestum til að dreifa, heldur akneytum einum. Varð annaðhvort að fara til Brandon, 65 mílur, eða til Manitou, nálægt 60 mílur, og má geta nærrí, hvílk tímalengd hefir til þess gengið að aka þann óraveg með uxum. Hveiti-verð þetta haust mun hafa verið 63 cts. hvert *bushel*. Gat Björn selt eitt vagnhláss hveitis þetta haust, er hann hafði umfram það, er til útsæðis þurfti. Næsta ár færði hann enn út akur sinn um 15 ekrur. Það haust kom dálitið frost og snart hveiti, áður bjargað varð; fyrir ófrosið hveiti munu bændur hafa fengið 80 cts, þetta haust, en eigi nema 60 cts fyrir það, sem snert hafði verið af frosti.

Er þrjú ár voru liðin frá því, er Björn settist að á löndum sínum, fekk han n eignarbréf fyrir þeim (1885). Eins og getur nærrí var enginn hægðarleikur að fera út akur sinn og búskap meðan eigi var óðrum vinnudýrum til að dreifa en akneytum í félagi við annan. Reynt hafði Björn að verjast skuldum hingað til, en svo fór, að honum fanst hyggilegra að taka nú lán nokkurt til að reka búskapinn, en að halda öllu í sama horfi. Enda bar til þess bráða nauðsyn. Að þrem árum frá landnámi varð hann að borga stjórninni \$400 fyrir þá jörðina, er hann hafði fengið forkaupsrétti, því svo voru skilmálar. Veðsetti hann nú jarðir sínar fyrir \$600 láni. Hafði hann þá \$200 afgangs jarðarverðinu. Fyrir það sé kaupir hann sér samokshryssur tvær, rosknar; kostuðu þær \$300 og varð hann að láta uxann og eina kú upp í kaupin.

En úr þessu fórakurinn óðum að stækka. Með hestum vinst akuryrkja miklu greiðlegar en uxum. Áður langt leið skifti hann þessum gömlu hryssum fyrir unga hesta. Úr því fór hann að ala upp hesta sjálfur. Smám saman þokadist efnahagurinn áfram, þó skuldir væri dálitlar. Fleira varð að kaupa en vinnudýrin ein. Akuryrkjuáhöld voru afardýr, og þau kaup bóna á fyrstu frumbýlings árum fjarska tilfinnanleg. En eigi verður með nokkuru móti af komist án þeirra, svo hver atorkumaður klífur til þess brítugan hamar að geta aflað sér þeirra.

Pegar á fyrsta vori búskapar síns kom Björn upp bjálkahúsi í viðbót við torfkofann, er hann reisti í fyrstu. Í þeim bjálkakofa bjó hann 14 ár. Þar fæddist þeim dóttir áfyrsta búskaparári, svonú vorubörnin tvö, sonurog dóttir. Árið 1889 sendu þeir braður Björn og Jósef móður sinni og stjúpa og þrem hálfsystkinum fé til að komast af Íslandi til Vesturheims. Fór það fólk alt til Björns. Jóhannes, hálfbroðir Björns, settist að hjá honum og hefir verið lengst af með honum síðan. Tók hann sér viðurnefni bróður síns og nefnist fullu nafni Jóhannes Andrés-son Walterson. Móðir Björns og stjúpi hafa verið á vegum Björns, þangað til fyrir tveim árum að þau fluttust til Páls, yngsta sonar síns.

Árið 1891 keypti Björn jörð, sem lá að hinum fyrri jörðum hans fyrir 1200 dali og var Jóhannes bróðir hans í þeim kaupum með honum að helmingi; lagði hann kaup sitt fram til greiðslu fjársins að ráði Björns, sem áleit hann gæti eigi varið fé sínu betur. Jóhannes var með Birni 19 ár, þangað til í nóv. 1907 að Björn brá búi, en Jóhannes staðfesti ráð sitt og kvongaðist. Tók hann þá jarðir bróður síns til leigu með áhöfn allri. En þá var Jóhannes eigandi tveggja jarða sjálfur, sem sjálfsgagt eru §8000 virði etfi gagnverði

Jarðir hafði Björn keypt fleiri. Eitt sinn keypti hann 160 ekrur, allar fákr, fyrir \$2200 og þóttu sérlega góð kaup. Að tveim árum liðnum keypti hann enn eina jörð og var einn fjórðungur hennar plægt akurland; kostaði hún \$1800. Því næst keypti hann í félagi við annan aftur aðra jörð til heyskapar og haglendis og kostaði hún \$900. Pégar Björn brá búi, var hann eigandi að 720 ekrum lands ($4\frac{1}{2}$ jörð) og má það alt heita bezta akuryrkjuland. Hann var svo heppinn að ná landspildum sínum þar sem sléttan var frjóust. Enda hefir hann haft lán sérlega mikið með akuryrkju sína frá fyrstu byrjan.

Eigi hefir hann samt farið varhluð af þeim misfellum, sem fyrir flesta koma. Eitt sinn brann hveitikorn hans alt, rétt komið í kornhlöðu, og ekkert eftir, nema takar peningana fyrir. Að eins átti hann eftir svo sem nam útsæði. Fyrir fjórum árum var áliðið af eftirlitsmanni stjórnarinnar, að hestar hans allir hefði sýkst af ólæknandi fári, þó Björn hefði sjálfur annað álit. Voru þrettán hestar dæmdir til lífláts og skotnir niður fyrir honum; hefði slíkt verið hverjum meðalmanni tilfinnanlegur búhnekkir, þó *Dominion*-stjórnin bætti þriðjung skaðans. En árið 1907, er Björn brá búi, var hann aftur búinn að eignast sama hestafjöldann og áður. — Stærsta harmsefnið, sem fyrir þau hjón hefir komið á lífsleiðinni, var látt einkasonar þeirra, 18 ára gamals; hann lézt úr brjósttæringu á þeim aldri, er vonir foreldranna eru að rætast og missirinn hvað sárástur.

Fyrir tólf árum reisti Björn laglegt hús, vandað, en eigi sérlega stórt, og var það eitt af fyrstu timburhúsum bygðarinnar. Gott þótti að sækja þau hjón heim, hvort heldur var í bjálkahúsinu þeirra gamla eða timburhúsinu nýja. Hver sem að dyrum kom átti ávalt víst að mæta stökustu ástúð og naumast var sá greiði til, sem Björn

Walterson var eigi ávalt boðinn og búinn að inna af hendi. Lúka flestir upp sama munni um, að greiðvknara, bónbetra og hjálpfúsara mann geti ekki.

Í félagsmálum hefir hann ávalt verið ötull og áhuga samur og ætið stutt hvert velferðarmál af ȝlefli. Við kvæði hans hefir ávalt verið, að enginn verði fátækur fyrir að ljá því liðsinni, sem betur má. Hann hefir verið fyrir-mynd að mannúð og velvilja og einn þeirra manna í bændaröð, er mest hafa prýtt vestur-íslenzkt mannfélag. Hógværari mann og raunbetri eignum vér Íslendingar ekki.

Haustið 1907, 6. nóv. hafði búskapur Björns staðið rétt 25 ár þarna í Argyle. Fám mönnum hefir lánað að líta yfir tuttugu og fimm ára farsælla búskaparstarf en honum þá. Hann hélt þann dag hátíðlegan með því að gifta einkadóttir sína, Valgerði, ungum manni og efnilegum, Líndal Porsteinssyni, Hallgrímssonar einhenta, sem mörgum var að góðu kunnur. Hefir hann rekið húsagjörðarstörf í Winnipeg nokkur ár og hepnast vel; eiga þau ungu hjónin sérlega snoturt heimili í Winnipeg. En Björn brá um leið búi, fluttist með konu sinni og fösturdóttur til Winnipeg og búa þau nú með dóttur sinni og tengdasyni. En fremur þykir Björn enn óstöðugur í borginni. Hugurinn er eins og búast er við, býsna fastur við búskapinn, enda er hann þar vestra öðru hvoru til að líta eftir.

Áður þau hjón fluttust brott úr bygðinni, var þeim haldið veglegt samsæti í desembermánuði síðastiðið ár, sem söfnuður og kvenfélag stóð fyrir. Voru þau við það takifæri bæði sæmd gjöfum, gullúri og keðju hvort um sig. Safnaðarfélagsskapurinn þar á Birni Walterson líka mikið upp að unna. Hann hefir þar verið einn af helztu máttarviðunum frá upphafi vega, og safnaðarfulltrúi um 20 ár; hefir hann aldrei talið eftir ómök eða útgjöld til þeirra þarfa. En nú á efri árum getur hann lifað og látið eins og gott þykir og notið næðis og hvíldar í fullum mæli. Óska vinir hans honum allir friðsamrar og góðrar ellí.

F. J. B.



JÓN ÓLAFSSON.

FESTIR Vestur-Íslendingar muna estir Jóni Ólafssyni á Brú í Argyle-bygð, sýsluskrifara frá Íslandi, sem oft og einatt var fenginn til að gegna skrifarástörfum við fundahöld framan af meðan fáum ritsfærum mönnum var á að skipa. Hann lífir enn, en er nú ordinn nokk-ud bilaður að heilsu, enda búinn að ná aldri allháum. Tilfinnanlegast er honum heyrnarleysið, sem gjörir honum erfitt um viðtal við menn, sein verið hefir ávalt ánaegjan mesta, því hugarþel hlýtt til allra vantar ekki og skilning góðan og glöggan á mönnum og málefnum. Æfisögu hans viljum vér nú leitast við að segja og förum þar í öllum æfatriðum estir því sem hann hefir sjálfur ritað.

Jón Ólafsson er fæddur á Efsta-Samtíni í Kræklingahlíð í Eyjafjarðarsýslu 3. sept. 1829. Foreldrar hans voru þau Ólafur Jónsson, Benediktssonar á Vögnum á Pelamörk, Guðmundssonar á Krossastöðum, Jónssonar prests á Guðrúnarstöðum í Eyjafirði. Módir hans var Lilja Gunnlaugsdóttir, Jónssonar á Básí í Hörgárdal. Þegar Jón var fjögurra ára gamall misti hann fðður sinn. Misti hann lífið í stórhriðarbyl, er hann var á ferð með skreiðarbagga á baki. Hafði hann hrapað fram af sjávarhömgum nálegt Krossanesi. Í þessum sama stórhriðarbyl var Þorsteinn Danielsson, umboðsmaður á Skipalóni, á ferð með öðrum manni, en komst hrakinn og illa á sig

kominn til bæjar í Kræklingahlíð. Hafði Þorsteinn heitið því í hríðinni að líkna einhverjum mesta þarfaling þar í hlíðinni að einhverju leyti, ef hann kæmist heilu og höldnu til bæja. Pessa áheitis lét hann móður Jóns verða að-njótandi, þegar fregnir bárust um fráfall manns hennar í sama bylnum og hún sat eftir með fimm börn föðurlaus. Á þenna hátt varð Jón fyrir því láni að fá Þorstein að fósturföður. Með honum mun hann hafa verið þrettán ár, eða þangað til hann var 17 ára.

Heimilisbragur á Skipalóni hefir eigi verið jafn ánægjulegur eftir því sem Jón lýsir honum og ákjósanlegt hefði verið. Eljan, ákafinn, vinnuharkan mun hafa verið úr hófi. Þorsteinn Danielsson var afspryrnu-maður um alt land á þeim dögum um dugnað og víkingsskap til vinnu. Rak hann alla áfram harðri hendi og hvössum hvatningarorðum og fanst naumast nokkur nenna að hreyfa sig sökum leti. Fyrirmynðarmaður var hann að mörgu leyti fyrir utan dugnaðinn, einkum i þrifnaði og reglusemi á heimili bæði utan húss og innan. Sérlega var hann hagnýtinn í öllu, hve smátt sem var. Ljótt tal vildi hann ekki heyra kring um sig né blótsyrði. Ráðvandur var hann og réttsýnn í viðskiftum öllum við þá hina mörgu, er hann átti skifti við, og flestir voru skuldunautar hans. Vitaskuld vildi hann eiga sitt og hélt allfast um, en af ásettu ráði krafðist hann engis fram yfir það. En hann var sífelt errinn í lund, með stöðugar ádeilur um leti og sóðaskap og spilti það ánægju og glaðlyndi, þó margur reyndi að gleyma, er meta kunni mannkostina, er undir hversdagsskrápnum fólust.

Kona hans, sem var dugleg og stórlýnd, hegndi með kraftyrðum og höggum öllum barnabrekum Jóns. Sjálfsagt hefir alt verð gjört í góðum tilgangi. En lund Jóns var viðkvæm, gljúp og fremur kjarklítill, og átti því orri og

ádeilur stöðugar fremur illa við hann; var hann stöðugt hræddur um sig og gekk með eins konar þraelsóttá á sálum sinni, sem olli honum hjartabilunar og setti meira kjarkleysismót á lund hans en annars hefði þurft að verða. Þrátt fyrir þenna heimilisbrag, þótti þeim hjónum báðum



Jón Ólafsson og kona hans Helga Jónasdóttir.

vænt um tökusoninn og vildu honum alt hið bezta. Fekk fótstri Jóns þá hugmynd um hann, að hann hefði meiri hæfileika til smíða en hann hafði orðið var hjá öðrum, er lærðu hjá honum, og var honum það til mikillar ánægju.

Árið 1846 bað Grímur Jónsson amtmaður um Jón í því skyni að kenna honum ritstörf og má af því marka, að Jón hafi verið öðrum unglungum líklegri til þeirra hluta. Ætlaði hann að gjöra hann að skrifara sínum, að kenslu lokinni. Pessarri beiðni svaraði fóstri hans með því, að þessu skyldi Jón sjálfur ráða. Vildi hann eigi sökum, vináttu við amtmann, neita beiðninni, en hefir víst talið sjálf-

sagt, að Jón myndi hafna vistaskiftum. En er til Jóns kasta kom, varð hann fljótur til svars. Af bernsku og feginleik varð honum að orði: „Guði sé lof“! En af þeirri upphrópan varð fóstri hans þess var, hve feginn Jón varð að losast frá honum og að hann mat eigi fóstrið eins mikils og hann vildi. Mun þetta hafa orðið honum nokkurt angursefni, enda létt hann það klingja í eyrum Jóni oft á eftir. Vafalaust hefir heimilisbragurinn átt þátt í upphrópan þessarri, án þess henni fylgdi nokkur veruleg hugsan um, hvað væri fyrir beztu.

Með Grími amtmanni var Jón í góðu yfirlæti á Möðruvöllum þau þrjú ár, er hann átti ólifuð. Árið 1849 tók hann við skrifarastörfum hjá Eggerti Briem, sýslumanni í Eyjafjarðarsýslu, og var með honum sjö ár samfleytt.

Árið 1856 gekk Jón Ólafsson að eiga jungfrú Guðnýju Jónsdóttur, Sigurðssonar frá Viðigerði. Reistu þau bú að Ytrahóli í Kaupangssveit. Af sérstökum ástæðum fluttust þau á næsta ári að Hallgilsstöðum í Hörgárdal. En þá tók kona Jóns svo haettulega sótt, að hann hlaut að selja bústofn sinn haustið 1857. Ætlaði hann þá eftir læknisráði að fara með hana til Kaupmannahafnar til lækninga. En er að því kom, að búast skyldi til farar, reyndist hún eigi ferðasær. Lézt hún á Akureyri 16. jan. 1858. Son höfðu þau eignast, sem láttist hafði nokkuru á undan móðurinni.

Vorið 1858 fluttist Jón til Reykjadals í Pingeyjarsýslu. Var hann þar við búskaparvinnu að sumrinu, en fekst við barnakenslu á ýmsum stöðum að vetri. Einkum kendi hann skrift og reikning; fáir voru svo djarfir á þeim árum að seilast lengra.

Sumarið 1859 giftist Jón í annað sinn 15. dag júní má ìaðar, sama dag og hann hafði gengið í fyrra hjónaband sitt fyrir þrem árum. Gekk hann nú að eiga jung-

frú Helgu Jónasdóttur frá Öndúlfssstöðum, Sigmundssonar frá Vindbelg við Mývatn. Voríð 1860 reistu þau bú að Hallgilsstöðum í Reykjadal; bjuggu þau þar í fjögur ár, þá eitt ár að Öndúlfssstöðum. Voríð 1865 tók hann skrifarastöðu með Þorsteini kanselíráði Jónssyni, sýslumanní i Húsavík, og fluttist þangað með fjölskyldu sína. Sumarið 1866 réðst hann til Vopnafjarðar til að gegna þar verzlunarstörfum, eftir látt Grönvolds verzlunarstjóra. Konu sína og börn skildi hanu eftir í Húsavík.

Sumarið 1867 bauðst Jóni lífvænleg staða við skrifarastörf með Olivarius, sýslumanní i Suðurmúlasýslu, á Eskifirði. Samdist svo með þeim, að Jón fengi 400 ríkisdali að launum árið 1867—68, en ef hann vildi halda þeirri stöðu áfram, átti hann þó að eins að fá 120 ríkisdali í árslaun. Sótti hann þá konu og börn til Húsavíkur og fluttist alfari til Eskifjarðar. Hafði hann á hendi skrifarastörf fyrir Múlasýslur báðar veturinn 1867—8 og átti heimili með sýslumanní Q.W. Smith á Seyðisfirði. Olivarius sýslumaður sigldi til Kaupmannahafnar og sat þar um veturinn. Eftir að Jón tók að kynnast á Eskifirði, komst hann að þeirri niðurstöðu, að eigi yrði honum unt að framfleyta lífi sínu og sinna á 120 ríkisdala árslaunum. Afréð hann því sumarið 1869 að snúa aftur til Eyjafjarðar. Átti hann þar skritara-stöðu vissa með Pétri Havstein amtmanni á Möðruvöllum.

En nú var Jón kominn í fjárhverð. Árin höfðu liðið og lítið fé safnast; laun stöðugt af svo skornum skamtí að með naumindum varð lifað. Hann hafði að mestu leyti stundað skrifarastörf með ýmsum embættismönnum; lent alla leið til Eskifjarðar. En þar komst hann í svo krappan dans við fátæktina, að nú gat hann eigi til Eyjafjarðar komist, og sætt stöðu þeirri, sem honum stóð til boða. Tók hann nú það ráð að biðja fóstra sinn um styrk

til fararinnar. En því svaraði Danielsen á þá leið, að hann hann skyldi biðja um sveitaflutning. Um leið og hann gaf fóstursyni sínum þetta heillaráð, lét haan í ljós ánægju sína yfir komu hans til Eyjafjarðar, því þar gæti haun bæði verið skrifari Havsteins amtmanns og haft á hendi skriftir og reikningsfærslu fyrir umboð Möðruvalla-klausturs, sem Danielsen hafði á hendi. Jón hafði talið sér styrk frá fóstra sínum vísan í hendi, þar sem honum var vel kunnugt um, að hann hafði sagt upp vist sinni hjá Olivarius sýslumanni og stóð þar uppi atvinnulaus, þorriinn að fé og ráðþrota með fjölskyldu sína.

Þegar Jóni hepnaðist nú samt að komast inn í Eyjafjörð, voru viðtökur hjá fóstra hans furðu kaldar, svo all-tilfinnanlegt var ofan á ferðavolk og fátækt. Í stað þess nú að láta honum nokkura hjálp í té sjálfur, fór hann til upp á eigin býti, að Jóni alveg forspurðum, og bað um lán handa honum af sveitarfé, meðan hann væri að vinna fyrstu árslaunum hjá Havstein, amtmanni. Lánið sefust, en var Jóni mjög mikil skápraun. Að fimm árum, liðnum hepnaðist honum að greiða það aftur af hendi að fullu á þans hátt, sem hreppsnefnd þótti fullnaegjandi og gaf honum kvittan, sem lýsti hann lausan frá „öllum kröfum af sveitarinnar hálfu“.

Flestir fóstursynir myndi hafa tekið sér allnærri kald-lyndi þetta og kærleiksleysi, og svo mun hafa verið um Jón, sem ávalt hefir verið maður viðkvæmur og hjálpfús. Öllum var þá kunnugt, að Þorsteinn Danielsen var þá einn auðugastur maður á Íslandi. Hann átti fjörutíu jarðir og jarðarparta og var auk þess umboðsmaður yfir sextíu jörðum, er heyrðu til Möðruvallaklaustri gegn all-ríflegum umboðslaunum, alt að 800 krónum árlega. Nú var honum mikil áhugamál að geta notað Jón til allra skrifta og reikningsfærslu fyrir sig og umboðið. Sjálfur gat

hann ekkert af því gjört; en létt sér ant um að fá það verk unnið fyrir borgun sem allra-minsta. Jóni galt hann 50 *aura* fyrir hvert fullkomnið dagsverk, sem hann vann fyrir hann og fyrir styttri stund blutfallslega. Seinna borgaði hann samt 100 krónur, sem Jón skuldaði í verzlunarþúð, enda var hann þá settur af Chr. Christianson, amtmanni, aðstoðarumboðsmaður klausturjardanna upp á ábyrgð fóstra síns, án sérstakra launa.

Ástæðu tilfærir Jón þessum skorti fóstra síns á velvild og hjálpsemi til afsökunar. Hann tekur það skýrt og greinilega fram, að hann muni ekki að eins hafa látið sig gjalda þess, er hann fór frá honum upphaflega með fagnaðarópið á vörum, sem áður er sagt frá, heldur einnig annars. Við skrifara-störfun halði Jón vanist á nokkura áfengisnautn, þegar eftir brottför sína frá Skipalóni og vildi það haldast. En Danielsen var mesti hatusmaður ofdrykkjunnar og leit svo á, að öll fátækt og böл væri af henni runnið; þeim, sem eitthvað væri við hana kendir, væri engin vorkunnsemi eða líkn sýnandi.

Í sambandi við þróngan efnahag á Eskifirði, getur Jón þess með þakklátum huga, að einn af efnudustu þændum í Reyðarfirði, Andrés Eyjólfsson, bónið á Helgastöðum, tók af honum til fósturs yngsta barn hans; var það drengur, Þorsteinn að nafni, og fór til hans nýfæddur árið 1868, en Jón lofaði meðlagi með honnm. En áður Jón fór af Eskifirði, gaf Andrés honum eftir eigi að eins meðlagsloforðið, heldur og allar kröfur um meðlag framvegis og tók barnið til fulls fósturs. Síðar arfleiddi Andrés þetta fósturbarn sitt að einum þriðjungi eigna sinna, fastra og lausra. Naumast minnist Jón nokkurn tíma þessa velgjörðamanns síns svo, að hann biðji eigi drottin að launa honum líknarverkið.

Oft hefir Jón víst um það hugsað, hvor atvinnuveg-

urinn myndi hafa orðið honum hamingjudrýgri, timburmannsiðnin, sem fóstri hans hafði fyrirhugað honum, eða skrifarastaðan, sem hann kaus sér. En víst er um það, að hugur hans hneigðist meira til ritstarfanna og oftast verður affarasælast að hallast í þá áttina, sem þráin ósjálfrátt bendir.

Meðan Jón gegndi skrifarastörfum í Eyjafirði bjó hann í Spónsgerði þrjú ár og síðar á Hallgilsstöðum tvö ár. Árið 1875 fluttist hann búferlum að Gullbrekku í Eyjafirði en var hrakinn þaðan aftur af eiganda jarðarinnar, sem sjálfur tók hana til ábúðar á næsta ári. Fluttist Jón þá að Æsustöðum 1876 og bjó þar eitt ár. Seldi síðan búslóð sína á opinberu söluþingi vorið 1877. Fekk hann þá húsaskjól á Ytra-Laugalandi fyrir sig og fjölskyldu sína, en var sjálfur á lausum kili, því tvö umboð hafti hann á hendi, sem bönnuðu kyrissetu. Öll þau ár, sem hann var seinast í Eyjafjarðarsýslu, hafti hann á hendi skrifir og reikningsfærslu Möðruvallaklausturs og var settur aðstoðar-umboðsmaður fóstra síns, Þorsteins Danielsen, tvö síðustu árin, sem hann var á Íslandi. En um það leyti fekk hann líka löglegt umboð til að skrásetja menn til Vesturheims-farar með fólkflutningsskipum Allan-línunnar.

Sumarið 1878 höfðu full fjögur hundruð manns verið skrásett til vesturflutnings, flestallir af Jóni Ólafssyni. Með hópi þessum réðst hann sjálfur til farar. Varð sú för hans til þess, að hann fastréð að flýja til Manitoba-fylkis með sig og alt sitt og setjast að í landnáminu íslenzka við Winnipeg-vatn. Lagði hann af stað með fjölskyldu sína í þá ferð 24. júní 1879 með skipi Allan-línunnar. Tæp fjögur hundruð útflytjendur töldust að vera í þeirri för.

Sumarið 1882 nam hann land í samfloti við fjórtán

Íslendinga, þar sem Argyle-bygð myndaðist. Reisti hann þegar íverukofa á jörð sinni. Var hann 12 fóta breiður og 16 fóta langur að innanmáli. Allur var hann hlaðinn upp úr torfi. Var plógur settur í jörð og láttinn rista strengina, sem veggir voru hlaðnir úr, og gekk því verk-ið greiðlega. Viðurinn, sem fór í grind og upprefti, var sóttur skamma leið í skógarbelti eitt í gland og var exin ein notuð til að fella og telgja. Undir kofa þessum gróf hann kjallara, 8 fóta breiðan og 10 fóta langan og hálfst sjötta fet á hæð undir gólf, sem var lagt úr tilhögnum skógarrenglum. Voru veggir kofans klæddir lérestum fyrir ofan rekkju og sömuleiðis á bak við borð, sem stóð fyrir stafni undir stórum glugga með sex rúðum í. Fjölskrúðug voru hibýlin ekki, en svo er þeim nákvæmlega lýst, til þess síðari kynslóðir geti fengið nokkura hugmynd um líffskjör þau, er feður þeirra áttu við að búa fyrstu frumbýlings ár sín hér.

En þarna innið þessum fátæklega kofa fór þeim hjónum fyrst á æfinni að finnast dagrenning vera að koma í efnalegu tilliti. Í þessum kofa bjuggu þau með þrem dætrum hátt á þriðja ár. Þó var það eitt, sem fljótt fór að ama að, eftir að vestur kom, en það var heilsubrestur. Kendi Jón hans þegar í fyrrí ferð sinni vestur 1878. Tók hann þá að þjást af meltingarleysi, sem aldrei hefir síðan lagast. Á þenna kvilla bættist það, að 12. marz 1896 fekk hann eins konar *slag* (apopleksi). Þó náði hann sér furðanlega eftir það, en skilið hefir það eftir ýmis konar veiklan á sálu og líkama.

Vorið 1894 hætti Jón búskap. Fekk hann Alberti, syni sínum jörð sína til allra afnota með samningi um, að hann sæi fyrir foreldrum sínum eins lengi og þau lifði.

Börn þeirra hjóna eru þessi:

1. Eggert, f. 1. ágúst 1860
2. Albert, f. 9. maí 1862
3. Guðný, f. 2. febrúar 1864
4. Jónas, f. 10. október 1865, d. 28. des. 1904

5. Ólafur, f. 20. febr. 1867
6. Þorsteinn, f. 5. júní 1868
7. Margrét, f. 8. maí 1871
8. Lilja, f. 11. júlí 1873.

Jón Ólafsson er öllum kær, sem hann þekkja. Hjartalagið hlýtt og gott og trúfast og hugsanir hans og tilfinningar lýsa mannúð og göfuglyndi, þó fátækt og örðugar ástæður hafi oft dulið þetta heiminum. Hann er betur mentur en fólk er flest fyrir langvinna sambúð og umgengni við ýmsa helztu menn aettjarðar sinnar. Rithönd hans var prýðisgóð og hefir hún haldist nokkurn veginn óbreytt fram á þenna dag, jafnvel eftir veikindi þau, sem getið er hér að framan. Nafn sitt kann hann enn að rita, svo það er snild af manni jafn-gömlum. Vilji hans og hugur til að vera nýtur maður í mannsféluginu hefir ávalt verið langar leiðir á undan mættinum til að sýna það í framkvæmdinni, eins og verða vill fyrir svo mörgum, en fundið mun Jón hafa til þess sárar flestum öðrum. Hann er maður sérlega trúhneigður, með einlægan og fölskvalausan kristindóm í hjarta; hugsar hann um líðna afi og lífsferil allan með hjarta fult þakklátsemi við kærleiksríka forsjón, sem leitt hefir og stutt í baráttunni. Fermingarföður síns, síra Jóns Jónssonar, sem síðast var prestur á Möðruvöllum, minnist hann með mikilli lotningu og finst hann hafa gróðursett alt gott í hjarta sínu.

Öldunginum á Brú óska allir vinir hans, nær og fjær, friðsælla æfiloka.

F. J. B.

Nafndráttur eftir nýrituðu bréfi til útgef.

A. BRAHAM LINCOLN.

(EPTIR SIGTR. JÓNASSON).



Abraham Lincoln.

ríkjanna í Norður-Ameríku alla tíð á meðan innbyrðis ófrið-

Útgefandi Almanaks þessa fór þess á leit við mig fyrir nokkuru síðan, að eg skrifði í það greinar - stúf um eitthvert efni. Eg dróst á þetta við hann. Og þegar eg fór að hugsa um efni, mintist eg þess, að næstkomanda 12. febr. verða liðin 100 ár fráfæðing þess manns, er að mínu álti var mest i maðurinn, sem uppi hefir verið í þessarri heimsálfu, og ef til vill þó víðar sé leitað. Eg á við Abraham Lincoln, manninn, sem var forseti Band-

ur inn eða hið svonefnda „þrælastríð“, milli „Norður-ríkjanna“ og „Suður-ríkjanna“ stóð yfir fyrir hálfri öld síðan. Íbúar Bandaríkjanna eru nú þegar farnir að undirbúa stórkostlegt hátíðarhald um alt landið til að minnast Lincolns forseta, sem réttilega er nefndur „frelsari“ ríkjasambandsins — Bandaríkjanna — hins viðlendasta og voldugasta lýðveldis, sem nokkurn tíma hefir átt sér stað í veröldinni. Mér fanst því, að ritgjörð um Lincoln væri mjög tímabær, og ásetti mér að skrifa grein um hann í Almanakið. En því miður er rúmið takmarkað, svo mér er ómögulegt að segja æfisögu mikilmennisins, Lincolns, eins og eg hefði viljað gjöra það, og vona eg að lesendur Almanaksins taki viljan, fyrir verkið.

Eg ætla að byrja með því, að gefa yfirlit yfir helztu viðburði í æfisögu Lincolns á yngri árum hans, svo lesendur Almanaksins, sem eg ímynda mér að fáir, einkum utan Bandaríkjanna, sé sögu hans svo nákvæmlega kunnugir, geti betur átt að sig á því sem á eftir fer.

Abraham Lincoln, 16. forseti Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, var fæddur í bjálkakofa á nýbýli foreldra hans út í skógunum í Hardin-county í Kentucky-ríki, 12. feb. 1809. Faðir hans var Thomas Lincoln, en móðir hans hét Nancy Hanks áður hún giftist. Eftir því sem menn bezt vita, var Thomas Lincoln kominn af Samúel Lincoln frá Norwich á Englandi, er flutti vestur um haf og settist að í Hingham í Massachussets-ríki árið 1638. Nokkurir af afkomendum Samúels, er voru kvekarar, fluttu frá Massachussets suður í Amity-township í New-Jersey-ríki (nú Berks-county í Pennsylvania-ríki), og síðar meir suður til Rockingham-county í Virginia-ríki. — Lincolns-fólkini í Virginia er í ritum frá þeirri tíð lýst þannig, að það væri „heiðvirt og efnað fólk“.

Abraham Lincoln eldri, afi Abrahams Lincolns for-

seta, var kunnur hinum nafntogaða veiðimanni og landa-kannara Daniel Boone, og afleiðingin af þessari viðkynning varð sú, að Abraham Lincoln, eldri, flutti sig með fjólskyldu sína norðvestur í eyði-skógana í Kentucky-ríki, þar sem nú er Jefferson-county. Þar drápu Indíánar hann fyrir augum sona hans þriggja, er þeir feðgar voru að ryðja og hreinsa bújörð sína. Yngsti sonurinn hét Thomas, og var hann að eins 6 ára að aldri, þegar faðir hans var dreppinn. Piltur þessi ólst upp í algjörðu mentunarleysi, og hélt sér fyrst uppi á ýmisskonar vinnu, en síðar fór hann að læra trésmiði. Hann var mikill vexti og sterkur, en virðist hafa verið fremur latur og enginn gróðamaður. Þegar honum rann í skap, er sagt að hann hafi tekið ómjúkum höndum á móttöðumönnum sínum. Árið 1806 giftist hinn ungi trésmiður Nancy Hanks systurdóttur Jóseph Hanks, trésmiðs, í Elizabethtown, í Kentucky, er hann vann hjá. Hún var komin af ómentuðu almúgafólki, en var fríð sýnum, greind, og kunni að lesa og skrifa, og er sagt að hún hafi kent manni sínum að klóra nafnið sitt. Fyrst eftir að þau giftust, áttu hin ungu hjón heima í litlum bjálkakofsa fast við Elizabethtown, og þar faeddist þeim dóttir. Ári eftir að hann giftist, keypti Thomas Lincoln litla og hrjóstuga bújörð við grein af Nolin Creek í Hardin-county. Pang-að flutti hann með konu sína og dóttur og lífðu þau þar í mikilli fátækt. Íbúðarhúsið var lítill og lélegur bjálkakofi, með einum dyrum, einum glugga og leirgólf. Tveim árum síðar, 12. febr. 1809, faeddist þeim hjónum sonur í þessum lélega koffa, og létu þau hann heita eftir afan sínum, Abraham Lincoln. Það var þessi sonur þeirra, sem síðar varð forseti Bandaríkjanna, hann, sem stjórnæði þeim á meðan hið voðalega borgarastríð stóð yfir, og var

myrtur eftir að hann hafði frelsað ríkja-sambandið og leyst fleiri miljónir svertingja úr þraeldómi.

Piltinum, Abraham Lincoln, þótti gaman að veiðum, en varð snema alvörugefinn og þyrsti eftir mentun, svo að í stað þess að eyða tíma sínum í veiðiskap, gekk hann daglega með systur sinni á skóla-nefnu, sem var fjórar mílur burtu frá heimili þeirra. En sú skólaganga varaði ekki lengi. Árið 1816 — þá var pilturinn 7 ára — varð faðir hans missáttur við nágranna sinn, og út úr því var það, að Thomas Lincoln flutti um haustið með fjölskyldu sína vestur í Indiana-ríki og tók sér bólfestu í óbygðum um í Perry-county, við læk, er nefndist Pigeon Creek. Þar átti fjölskyldan erfitt uppdráttar framan af, því lífs-vonin bygðist á dýrum þeim, er bóninn skaut til matar, og maískorni, er yrkt varð á bletti, sem skógurinn var ruddur af. Hér við bættist, að pláss þetta var óheilnaðt, og dó móðir Abrahams úr sýki, er gekk í bygðinni, tveim árum eftir að þau settust þar að. Er sagt, að pilturinn, sem var frá upphafi viðkvæmur í lund, hafi syrgt móður sína mjög, þótt hann væri þá að eins 9 ára.

Liðugu ári seinna giftist Thomas Lincoln aftur. Konan, er hann þá giftist, hét Sarah Bush og var ekkja frá hinu gamla heimkynni hans, Elizabethtown í Kentucky. Hún átti nokkur efni er hún flutti með sér, var búslukona mikil, myndarleg í öllu, og góð kristin hús-móðir. Þótt hún sjálf ætti þrjú börn, son og tvær dætur, reyndist hún Lincolns-börnunum sem bezta móðir. Hún klæddi þau betur en þau höfðu átt að venjast og fór með þau sem sín eigin börn. Einkum tók hún þó mest ást-fóstri við Abraham litla, og einmana móðurleysingun elskaði hana og var henni eftirlátur. Það er enginn vafi á því að kona þessi, stjúpmóðir Abrahams Lincolns, átti mikinni þátt í því að úr honum varð sá maður sem hann

síðar reyndist, og á Bandarískja-þjóðin henni mikið að þakka — eins og aðrar þjóðir ætíð eiga mikið að þakka mæðrum ágætismanna sinna.

Strax á unga aldri, tíu ára gamall, vandist sveinninn Abraham Lincoln við harða vinnu. Þegar hann var ekki að höggva skóg, keyrði hann hesta, þreskti korn, plægði land, eða hjálpaði föður sínum við smíða-vinnu. Hann jafnvel vann hjá nábúum föður síns við að plægja, passa hesta, bera vatn, gæta barna, og við hver önnur heimilisverk, fyrir 25 centa kaup á dag. Fram að þessum tíma hafði hann verið fremur smár vexti og þroskalítill, en eftir það fór hann óðum að vaxa og kraftar hans mjög að aukast, svo að þegar hann var seytján ára, var hann orðinn 6 fet og 4 þuml. á hæð, og það var ekki sterkari unglungur til í öllu því bygðarlagi. Einkum hefir verið gjört orð á því hver afreksmaður hann var með skógaröxina. Hann hjó henni dýpra í tré í hverju höggi en aðrir, og klauf fleiri girðinga-skíði á dag en nokkur annar í bygðinni. Af þessu mun hann hafa fengið auknefnið „skíðkljúfarinn frá Illinois“-ríki (The rail splitter from Illinois), þótt bann sjaldan klyfi skíði eftir að hann fluttist þangað, því þar voru mest grasslétturnar, en ekki eintómir skógar eins og í Indiana-ríki.

Á hinni stuttu skólagöngu sinni í Kentucky-ríki lærdi Abraham — eða „Abe“, eins og hann var vanalega kallaður — lítið meira en að þekkja stafina, en eftir að stjúpmóðir hans kom til sögunnar, létt hún hann og systir hans ganga á alþýðuskóla í nágrenninu um tíma, ásamt sínum eigin börnum. Pó mun öll skólaganga hans ekki hafa numið heilu ári til samans, og mátti hann því í rauninni heita algjörlega sjálfmentaður maður. En hann notaði þenna stutta tíma vel, og þótti skara fram úr öðrum börnum, einkum í stafsetningu og skrift. Það vaknaði

brátt hjá honum óslökkvandi þorsti eftir þekkingu, og varði hann þá öllum frístundum sínum í bókalestur. En bækur voru færri á þeim dögum í hinum nýbygðu héruðum en nú á tímum, og voru helztu bækurnar, er Abraham las, reikningsbók, biblfan, Esóps dæmisögur, Robinson Crusoe, aefisaga Washingtons eftir Weems, Pilagrímsförin (eftir Milton) og saga Bandaríkjanna. Af því pilturinn Abraham Lincoln í æsku sinni (á skeiðinu frá 10—17 ára) stundum húkti út í skógi eða sat á skíðgarði svo klukkutímum skifti með bók, ályktuðu sumir grunnhygnir menn að hann væri latur. En það var þekkingarþorstinn, sem stundum kom honum til að forsóma verk sitt vegna bókarinnar. Á kvöldin lá hann á kviðnum fyrir framan eldstæðið, og með því hann hafði hvorki pappír né spjald, skrifðaði hann og reiknaði með viðarkoli á trérekuna, á horðastúfa, eða á flót á trjádrumbum, sem hann tegldi stafina af þegar hann vildi astur rita á þá.

Abraham Lincoln hefir verið lýst svo þegar hann var 17 ára, að hann hafi verið 6 fet og 4 þuml. á hæð, óvenjulega útlimalangur, með stórar hendur og fætur, og óliðlega vaxinn í heild sinni; húðin hafi verið þur og gulleit, hárið svart og sít, andlitið magurt, augun grá og þunglyndisleg, í djúpum tóptum, kynnbeinin há, nefið fremur klumbulegt, munnurinn nokkuð stór — í stuttu máli, maðurinn hafi verið ólánlegur á velli og ófríður. En brátt fyrir þetta unnu menn honum alment og virtu hann sakir gáfna hans, góðlyndis, drengskapar, ráðvendni og annara mannkosta.

Um þessar mundir, eða þegar Abraham Lincoln var 17 ára, gekk hann 9 mílur á dag á skóla um tíma, en á kvöldin las hann lagasafn Indiana-ríkis. Hann las þetta safn svo vel, að hann kunni það hér um bil utanbókar, enda hafði hann ágætt minni. Mun þessi lagalestur fyrst

hafa kveikt hjá honum löngun til að nema lögfræði. Í nefndu lagasafni var prentuð yfirlýsing Bandaríkjanna um, að þau væri óháð þjóðveldi (the Declaration of Independence), grundvallarlög Bandaríkjanna, og reglugjörðin frá 1787. Alt þetta var sem stimplað í hjarta hins unga manns, og enginn skildi þessa dýrmætu gjörninga og stjórnarfars lands síns betur en hann. — Hann var samt mannblendinn, sótti kappstöfunar-fundi, veðreiða-mót og fleiri þessháttar samkomur. Eins og áður hefir verið sagt, var hann afar-sterkur, — það er sagt að hann hafi tvítugur lyft 1000 pd. þunga—og skakkaði oft leikinn þegar í illindi lenti, hjálpaði þeim sem var minni máttar og lúbarði ribbaldana, svo þeir báru virðingu fyrir honum eins og aðrir. Hann fékk smátt og smátt orð á sig fyrir að segja allskonar sögur og skriflur manna bezt og fyrir skarpa dómgreind, svo hann fór að verða nokkurskonar leiðtogi í bygðarlaginu. — Hann sótti öll dómping í nágrenninu, og gekk stundum tugi mílna til að vera viðstaddir þegar mikilsverð mál voru prófuð og dæmd. Hann samdi ritgjörð um stjórnarfars Bandaríkjanna og aðra um hófsemi. Hann hélt ræður, spjallaði við menn um allskonar efni, raðdi almenn áhugamál, sem þá voru uppi, spaugaði við menn og gjörði alla að vinum sínum—en það fór að minka um vinnubrögðin. Abraham Lincoln var áður en hann var tvítugur orðinn ameríkanskur pólitíkus, þótt hann ekki vissi af því.

Árið 1830, þegar Abraham Lincoln var rétt orðinn myndugur (21 árs). flutti faðir hans burt úr Indiana norður í Illinois-ríki; þar var þá ágætt land að fá fyrir lágt verð. Þetta var í marz mánuði, þegar vegir voru upp á það versta, svo ferðalagid varaði í hálfan mánuð. Abraham var hægri hönd föður síns á ferðinni og keyrði uxana, sem beitt var fyrir vagninn. Pannig gjörði hann innreið

sína í Illinois-ríkið, sem hann hóf sig upp í frá einni virðing til annarar, unns hann var, kjörinn í æðsta embættið, er lýðveldið á til. — Lincoln-fjölskyldan tók sér bólfestu á skógi vaxinni hæð við Sagamon-ána, um 5 mílur frá Decatur-bæ í Macon-county. Abraham hjálpaði főður sínum til að byggja sér bjálkahús á nýbýlinu, og hann og frændi hans, John Hanks, sem kom með þeim frá Indiana, plægðu 15 ekrur af grasslétturni á hinni nýju bújörð, og klufu nóg skíði til að girða með blettinn. Sýnishorn af þessum skíðum voru borin inn í fundarsalinn þar sem Abraham Lincoln var tilnefndur sem forseta-efni 30 árum síðar.

Að þessu loknu fór Abraham Lincoln burt frá főður sínum og fór að eiga með sig sjálfur. Hann hafði ekki með sér úr föðurgarði utan fót sín — það var enginn dýr-indis-klæðnaður — og skógaröxi sína. Hann hafði ofan af fyrir sér sem bezt hann gat um vetrurinn, er var hinn harðasti í manna minnum þar í ríkinu, en um vorið vist-aðist hann hjá manni, er het Offut, til að fara með honum á einu fari því er flatbátar nefnast — hlöðnu bændavöru — ofan eftir Mississippi-fljóti, alla leið til New Orleans-borgar við mynni þess. Lincoln hafði farið samskyns ferð einu sinni ábur frá Indiana og þótt duga vel. Kaupið var \$8 á mánuði. Þessar ferðir voru hin fyrstu tækifæri, er hann hafði fengið til að sjá dálitið af veroldinni fyrir utan heimkynni sitt. Í síðari ferðinni sá hann þraela selda við opinbert uppboð í New Orleans. Honum ofbauð sú sjón svo, að hann sagði við kumpána sína: „Í guðs bænum látum oss fara burt frá þessu, piltar. Ef eg nokkurn tíma fæ tækifæri til að berja á þessu skrímsli (þraela-verzluninni), þá skal eg greiða því þung högg“. Viðburðir „þraelastríðsins“ sýna hvernig hann uppfylti þetta heit sitt.

Petta sama sumar gerðist Lincoln verzlunarþjónn í New Salem, þorpi á bakka Sagamon-árinnar, hjá nefndum Offut. Ráðvendni hans og samvirkusemi við þann starfa hefir verið viðbrugðið. Til dæmis er sagt að hann hafi eitt sinn gengið þrjár mílur í myrkri, eftir að búðinni var lokað, til að faera manni nokkrum 6 cents, er hann hafði reiknað af honum í viðskiftum sama daginn.

Lincoln komst í svo mikil álit í New Salem, að þegar hinn litli Black Hawk Indiána-ófriður hófst, vorið 1831, þá var hann kjörinn foringi fyrir sjálfsboðaliðinu úr því bygðarlagi. Eftir að ófriðnum lauk, — Lincolns-hersveit-in fekk aldrei tækifæri til að berjast — bauð hann sig fram sem þingmannsefni í neðri deild Illinois-þingsins, en náði ekki kosningu, og var það hið eina skifti á æfi hans, sem honum var hafnað þegar hann bauð sig fram til kosningar. — Skömmu síðar keypti hann helming í verzlun nokkurri í New Salem, en félagi hans var ónytjungur, og verzlunin fór á höfuðið. Lincoln tók upp á sig alla skuldasúpuna og borgaði hvert cent með tímanum, en betta hélt honum í peninga-kröggum í mörg ár á eftir. — Lincoln sjálfur var ekki góður kaupmaður, því um sama leyti útvegaði hann sér lögfræðisbækur Blackstone's og Chitty's og sat oft bæði nætur og daga við að lesa lögfræði. Eftir þetta var sama hvað hann hafði fyrir staðni, þá skildi hann ekki lögfræðisbækurnar við sig. — Landmælingamaðurinn fyrir Sagamon-county þurfti að fá sér aðstoðarmann, og bauð Lincoln þá stöðu. Lincoln kunni ekkert að mælingum; en á 6 vikum lærdi hann svo mikil af bókum, að hann var starfinu vaxinn. Uppdrættir, er hann gjörði yfir mælingar sínar, eru enn til, og eru fyriruynd hvað vandvirkni og glöggileik snertir.

Arið 1834 bauð Lincoln sig fram í annað sinn til þingmennsku í neðri deild Illinois-þingsins og náði kosn-

ingu. Hann var þá að eins 25 ára. Og svo fátaekur var hann, að hann varð að fá lánaða peninga til að geta keypt sæmileg klæði til þingfarar. — Rétt á eftir varð hann fyrir þeirri sorg að heitmey hans, er hann unni mjög, dó, og tók hann þenna missi svo nærrí sér, að það lá við að hann gengi af vitinu. Er sagt, að hann hafi jafnan verið þunglyndari upp frá því.

Það er ekki haegt að segja með sanni, að Lincoln reyndist neinn sérlegur garpur sem löggjafi á Illinois-þinginu í byrjun, enda hafði hann hugann mest við lögfræðis-nám sitt. Það virðist sem hann hafi ekki viljað nota neina tilsgn hjá öðrum, heldur lært eingöngu af bókum. Sjálfstrauost, óvenjuleg ástundun, afbragðs skilningur og minni virðist hafa verið sterk einkenni hans. Eftir að hafa þannig lesið lög í mörg ár, tók hann próf og fekk lögfræðings-leyfi fyrir Illinois-ríkið 1837, en 3. des. 1839 fekk hann leyfi til að flytja mál fyrir réttum ríkjasambandsins — sama dag og Stephen A. Douglas, sem Lincoln ætið átti í brösum við eftir það. Þetta sama ár var Springfield — þá smábær með hérumbil 1500 íbúum — gjörð að stjórnarsetri fyrir Illinois, og flutti Lincoln sig þá þangað, því þar gat hann þægilega rekið bæði lögmannsstarf sitt og sinnt störfum sínum sem þingmaður. Hann fekk brátt allmikla aðsókn sem lögmaður, og tók þá í félag við sig vin sinn frá Black Hawk Indiana-ófriðnum, majór John T. Stuart. Eftir ósk Lincolns var þessi félagi hans talinn fyrir, þ.e. félagið nefndist Stuart & Lincoln, og sýnir þetta, eins og margt annað, hve göfuglyndur Lincoln var. Þessi félagsskapur varaði samt ekki nema þangað til í apríl 1841. Þá gekk Lincoln í félag við fyrrum dómará Stephen T. Logan, en sá félagsskapur varaði heldur ekki lengi. Par á eftir gekk Lincoln í félag við bezta vin sinn, William H. Herndon, og varaði sá félags-

skapur þangað til Lincoln var kosinn forseti Bandaríkjanna, nær 20 árum síðar. — Það eru margar sögur til um Lincoln sem lögmann. Hann þótti mjög skarpvitur lögmaður, orðheppinn og áhrifamikill málafutningsmaður. En einkum hefir verið í minnum haft hve réttlætis-tilfining hans var næm og hvað hann var göfuglyndur. Hann t. d. notaði sér aldrei afglöp móttöðumanna sinna fyrir rétti. Sérilagi hefir þó verið gjört örð á hvað Lincoln var hjartagóður. Hann tók að sér mál lítilmagnans og setti ýmist lítið eða ekkert fyrir. Það kvað svo ramt að því, hvað hann setti lágt fyrir starf sitt sem lögmaður, að aðrir lögfræðingar kvörtuðu yfir því og dómarí einn setti ofan í við Lincoln fyrir það. Hann var því jafnan fátaekur. Allar eignir hans voru ekki nema 7 þúsund dollara virði þegar hann var kosinn forseti Bandaríkjanna, eftir meira en 20 ára lögmensku-starf.

Um 1839 kyntist Abraham Lincoln Mary Todd, dóttír fyrrum þingmanns Roberts S. Todds í Lexington, Kentucky-ríki. Hún var systir konu N. W. Edwards í Springfield, sem var frægur lögmaður. Hún var mjög myndarleg stúlka, vel mentuð, gáfuð og fyndin, og átti því marga biðla, þar á meðal Stephen A. Douglas, sem áður er nefndur. Lincoln hétt henni eiginorði, en svo ætlaði hann að hætta við að giftast henni, sökum þess að honum fanst, að hann elskáði hana ekki nógu mikið. Hann varð hálf sturlaður út af þessu um tíma, en samt lagðist þetta svo, að Lincoln giftist Mary Todd 4. nóv. 1842. Þau eignuðust son, sem nú er forseti eins ríkasta félagsins í Ameríku, nefnilega Pulman-svefnvagna-félagsins í Illinois-ríki.

Abraham Lincoln var ætíð frjálslyndur í pólitík, og þess vegna fylgdi hann að málum hinum svonefnda „Whig“-flokk og varð brátt leiðtogi hans í Illinois-ríki.

Það kom strax í ljós á meðlimur Illinois-þingsins, að hann var eindregið á móti að þrælahald yrði lögleitt í nýjum ríkjum, er mynduð yrðu úr hinum vestlægu lendum (territories). Þetta spursmál var rætt af mesta kappi og með hita um gjörvalt landið (Bandaríkin), og i desember 1839 skoraði Lincoln á móttöðuflokkinn, Demokrata, að kappræða málið á sameiginlegum fundi. Þar mætti áður nefndur Stephen A. Douglas og þrír aðrir Demokratar fyrir hönd flokks síns Abraham Lincoln með þremur ræðugörpum úr „Whig“-flokknum. Eins og nærrí má geta, var bardaginn aðallega milli Lincolns og Douglasar, en þótt hinn síðarnefndi væri fluggáfaður lögræðingur og mælskumaður, bar Lincoln stóran sigur úr býtum og varð frægur um alt landið. Kappræða þessi er þann dag í dag nefnd „hin mikla kappræða“.

Ritgjörð þessi er nú í rauninni orðin eins löng og hún átti að vera, og samt eru hin merkustu atriði í sögu Lincolns ótalín—að því leyti, að minsta kosti, er sögu Bandaríkjanna snertir. Eg verð því að fara fljótt yfir sögu það sem eftir er—að eins drepa á fáein helztu atriðin.

Árið 1846 bauð Lincoln sig fram sem þingmannsefni í n.d. congress Bandaríkjanna, og náði kosningu með 1511 atkv. fram yfir gagnsækjanda sinn. Hann tók þannig sæti í 30. congressinum, og var hinn eini „Whig“-þingmaður frá Illinois. Samtíða honum var þar Stephen A. Douglas sem senator frá Illinois. Lincoln neitaði að gefa kost á sér til endurkosningar í congressinn 1850. Í nóv. 1854 var Lincoln aftur kosinn til Illinois-þingsins þrátt fyrir mótmæli sín gegn því.

Á fulltrúa-fundi í Bloomington 1856, var Republikana-flokkurinn myndaður fyrir Illinois-ríkið (hann var eiginlega framhald af „Whig“-flokknum), og hélt Lincoln þar ræðu sem margir telja merkasta eða mesta af öllum

hinum mörgu ræðum hans. Fram að þessum tíma hafði Lincoln einungis rætt þrælahalds-spursmálið á grundvelli pólitískrar stefnu, en ekki sem spursmál um hvað rétt væri eða rangt. En nú var sem hann væri orðinn endurfæddur, hefði verið skírður eldlegri skírn til sannleika og réttlætis. Eldurinn, sem hafði verið innibyrður hjá honum í mörg ár, braust nú út með ómóttæðilegu afli, og upp frá þeim degi átti þrælahald engan skæðari óvin.

Árið 1858 tilnefndu Republikanar í Illinois Lincoln at sínum flokki til að sækja um senators-sæti í sambandsþinginu gegn Stephen A. Douglas. Þeir héldu sameiginlega fundi um þvert og endilangt ríkið, og varði Douglas þrælahald, en Lincoln sýndi fram á að það væri hróplegt ranglæti. Er sagt, að Douglas fengi hina verstu útreið á öllum fundunum í orðavíðskiftum við Lincoln, en þrátt fyrir það varð Douglas ofan á við kosninguna. Samt er enginn vafi á, að rimma þessi var undirbúningur til sigursins, sem Lincoln vann við forsetakosningarnar 2 árum síðar. Eftir þessa viðureign þeirra var farið að minnast á Lincoln sem forsetaefni, og í maí 1860 náði hann tilnefningu á allsherjar flokksþingi Republikana í Chicago. Í vali voru í þetta sinn sem forseta-efni: Abraham Lincoln, af hálfu Républikana; Stephen A. Douglas og Breckenridge, af hálfu Demokrata, sem sjálfir höfðu klofnad á flokksþingi útaf þrælahalds-málínu; og Bell (áður Whig) af hálfu flokks er nefndi sig „Constitutional Union“-flokk og sem samanstóð af „Whig“-um af gamla skólanum og öðrum utanveltu-mönnum. Beinu kosningarnar, er fóru fram 6. nóv. 1860, fíllu þannig, að Lincoln fekk 1,857,601 atkv.; Douglas 1,291,574 atkv.; Breckenridge 850,082 atkv.; og Bell 646,124 atkv. Lincoln vant aði þannig 930,170 atkv. til að hafa meiri hluta allra atkvæða, sem greidd voru, en þegar hin tvöfalda kosning

fór fram, varð alt annað upp á teningnum. Þá fekk Lincoln 180 atkv.; Breckenridge 72; Bell 30; en Douglas að eins 12 atkv. —Pegar víst var orðið, að Lincoln hafði náð kosningu sem forseti Bandaríkjanna, fóru Suðurríkin að undirbúa sig að rífa sig út úr sambandinu, því þau væntu hins versta af honum hvað þraelahaldið snerti, og þegar Lincoln tók við forseta-embættinu 4. marz 1861, voru Suðurríkin komin í algjörða uppreist, höfðu myndad sérstakt ríkjasamband, kosið Jefferson Davis sér fyrir forseta og tekið undir sig allar eignir Bandaríkjanna innan takmarka sinna. Lincoln var því nauðugur einn kostur að senda her á hendur Suðuríkjunum, og er saga hans næstu 4 ár eiginlega saga hins mikla borgarastríðs, sem fleiri miljónir manna tóku þátt í og hundruð þúsunda manna félru í.

Það má nærri geta hvílika sálaraugist maður eins og Lincoln tók út á meðan þetta voðalega strið stóð yfir. En samt var hann einbeittur í að viðhalda hinu upprunalega ríkjasambandi, og tókst það að lokum með sinni frábæru þolinmæði, stöðuglyndi og vitsmunum.

Hinn 2.sept. 1862 gaf Lincoln út hið merkasta skjal, er hann nokkur tíma undirskrifsaði, nefnil. yfirlýsinguna um, að eftir 1. jan. 1863 skyldi allir þraelar í ríkjum þeim og ríkjapörtum, sem voru í uppreist, vera frjálsir.

Lincoln virðist hafa borið gott skyn á hæfileggleika annara. Á það bendir hverja menn hann tók í stjórn sína og hvaða menn hann setti yfir herinn. Hann sá að Ulysses S. Grant herforingi (sem síðar varð forseti Bandaríkjanna) var maðurinn, er mundi sigrast á uppreistarhernum, og setti hann því yfir allan her Bandaríkjanna í marz 1864. Í apríl næsta ár (1865) var ófriðnum lokið, ríkjasambandið frelsað frá eyðileggingu, og hið viðbjóðslega þraelahald afnumið í þessari heimsálfu.


Haustið fyrir, 1864, hafði Lincoln verið endurkosinn sem forseti Bandaríkjanna, og eins og þegar er frá skýrt, var ófriðnum lokið í öndverðum apríl 1865, eða tæpum hálfum öðrum mánuði eftir að hið nýja fjögra ára kjör-tímabil hans byrjaði. Nú var nafn hans, sem á meðan ófriðurinn stóð yfir oft varð fyrir óverðskulduðu lasti með-al hinna svokölluðu vina — hvað þá óvinanna —, á hvers mans vörum og hann var eins mikið lofaður eins og hann hafði verið lastaður. Nú leit út fyrir að hamingjan mundi brosa við honum eftir allar raunirnar og angistina, sem hann hafði gengið í gegnum á meðan borgarastríðið stóð yfir. En örlög hans voru alt önnur, en menn bjuggust við. Hann var skotinn til bana þar sem hann sat í klefa á leikhúsi ásamt konu sinni og nokkurum vinum kvöldið 14. apríl 1865. Sá, sem ódáðaverkið vann, hét John Wilkes Booth. Hann var leikari og ofstækisfullur þrahlahalds-maður. Hann hrópaði, um leið og hann stökk úr klefanum ofan á leiksviðið, að nú væri Suðurríkjanna hefnt. Booth náðist brátt, þótt hann kæmist undan í fyrstu, og var tekinn af lífi ásamt nokkrum öðrum, er voru í vitorði með honum.

Það er engin vafi á, að Bandaríkja-þjóðin elskar og virðir Lincoln meira en nokkurn af hinum mörgu ágaetis-mönnum, sem verið hafa forsetar hennar, og ber ýmislegt til þess, sem of langt yrði að fara út í. En ein aðal-or-sökin er að mínu álti sú, að hann var einhværn veginn nær hjartarótum þjóðarinnar en nokkur forseti hennar hefir verið. Hann var að mörgu leyti ímynd þjóðar sinnar og það er sem þjóðin þekki sjálfa sig í honum enn þann dag í dag, þrátt fyrir ýmsar breytingar á hag hennar og hugsunarhætti.



ÍSLENZKT HELJARMENNI.

(EFTIR J. MAGNUS BJARNASON).



G ætla að segja ykkur dálitla sögu frá Nýja Skotlandi. Hún er samt ekkert glæsileg — ekkert „spennandi“ æfintýri — og hefir engar meistaralegar lýsingar, eða skáldleg tilþrif. En hún sýnir það, að enn þá eymir eftir af forníslenzku þreki, hugrekki og heljarkappi, sem öllu bauð byrgin — jafnvel höfuðskepnunum sjálfum, og sjálfum dauðanum. Því saga þessi er ofur lítið atvik, eða atriði, úr æfisögu íslenzks manns, sem orðsins fylstu merkingu var sannkallaður jötunn, heljarmenni og tröll að burðum. — Og hann er dáinn fyrir að eins örfáum árum.

Hann hét Hrómundur, þetta íslenzka heljarmenni, Hrómundur Þórðarson. Hann var ættaður af Austfjörðum á Íslandi, og fluttist til Ameríku árið 1875 með heilsulausa konu og sex börn — öll í ómegð — og settist að á austurströnd Nýja Skotlands. Hann var þá kominn hátt á fimtugs aldur.

Þó eg sæi hann sjaldan, þá man eg þó betur eftir honum en nokkurum öðrum mér vandalausum manni, sem eg kyntist í æsku. — Og nú vil eg gefa ykkur ofur-litla lýsingu af honum :

Hann sýndist ekki svo mjög hár, þegar hann stóð einhversstaðar einn sér, og þó var hann rúmar þrár álnir á hæð. En gildleikinn dró úr hæðinni — svo þéttur var hann um herðar og bol. Eg sá hann í hópi háskoskra manna, sem voru hærri en hana — en enginn þeirra var eins gildvaxinn og kraftalegur. Eg sá hann líka með írskum mönnum, sem sýndust vera preknari en hann, en það var af því, að þeir voru feitari og ekki eins sívalvaxnir. Og hann var jafnan holdskarpur maður. — Eg hefi séð meiri herðar en hans, en aldrei breiðara bak, og engan þykk ari undir hönd né bringubreiðari. Hálsinn var ákaflega digur, og fyrir þá sök sýndust herðarnar ekki eins breiðar. Öll liðamót hans voru mikil, og vöðvarnir á handleggjum hans og fótleggjum framúrskarandi stórir, þéttir og harðir eins og grjót. Hendur hans voru ekki að sama skapi stórar; en þykkar voru þær og sterkegar, og með einlægum smá örum og sprungum, sem sýndu að þær höfðu ekki æfinlega verið aðgjörðarlausar um dagana.

Í sjón var hann alt annað en fríður. Ennið var látt með ótal hrukkum; augnabréynar loðnar, þungar og miklar — og næstum aegilegar — kjálkarnir langir og sterkegar; nefið fremur þunt og hátt og ekki vel lagað. En augun lýstu því, að hann var af hreinu norraenu bergi brotinn. Þau voru blá — himinblá — hörð, köld og nistandi. Það er sagt, að karlmenn, sem hafi slík augu og hans, séu yfirleitt skylduræknir synir, góðir eiginmenn og beztu feður, vinir vina sinna og trygglyndir; en á hinnbóginne jafnan óþjálar og þungir í skapi, þegar eitthvað er gjört á hluta þeirra, og kunna þeir þá lítt að vægja. — Hrómundur hafði ljóst hár, ofurlítið hrokkið í hnakkann. Á vöngum og höku hafði hann mikið, ljóst og ósélegt skegg, sem sjaldan mun hafa verið greitt, og lítil rækt

við lögð. Og þegar hann þagði, kreisti hann saman varirnar; og er sagt, að það sé óbrigðull vottur um þagmælsku og staðfestu.

Hann var enginn verulegur vitmaður, enginn bókamaður, og því síður lærdur maður. En hann sýndi oft að hann hafði góðan forða af þeim hyggindum, sem í hag koma, og hann var furðanlega útsjónargóður og glöggur á ýmislegt.

Pannig er þá mynd Hrómundar í fám dráttum. Og þegar eg var drengur og las fornögurnar íslenzku, þá hugsaði eg oft til hans. Mér fanst hann ekki vera líkur Gunnari, né Gretti, né Skarphéðni; en eg hugsaði mér Egil Skallagrímsson líkan honum, ekki vegna vitsins og framtakseminnar hjá Agli, heldur vegna orkunnar, skapsins og hamremminnar, — í því áttu þeir sam-merkt. — Eg sá hann aldrei öðruvísi klæddan, en í rauðum, stagbaettum strigafötum, sem fóru honum alt annað en vel, því buxurnar voru of stuttar og stakkurinn of þróngur. En hann var líka langt frá því að vera það, sem Ameríkumenn kalla „dude“.

Hrómundur settist ekki að í íslenzku nýlendunni í Nýja Skotlandi, heldur tók hann sér bólfestu á litilli og afarhróstrugri eyju, sem liggar fyrir utan vík þá, er *Spray Bay* heitir. Eyja þessi er kölluð „*Sailors' Woe*“ (sjómannaböl) og er tæpar hundrað ekrur á stærð. Að vestan er hún lág og sendin, en að austan rísa himinháir klettar. Atlantshafið lemur þessa kletta árið um kring; og sjóinn er þar varla aldrei kyr. — Par er sífelt brimhljóð dag og nótt. Og mörg eru þau skip, sem farist hafa við þá kletta og á skerjunum fyrir framan. — Pess vegna ei eyjan kölluð „*Sailors' Woe*“.

Pannig var sá bústaður, sem Hrómundur valdi sér — einverulegur, eyðilegur og hrikalegur, eins og hann sjáfur.

Eyjan var alt of hrjóstrug til þess, að Hrómundur gæti framfleytt sér og fólkí sínu á landbúnaði. Hún gaf honum „steina fyrir brauð og höggorma fyrir fisk“, ef svo mætti að orði komast. Þó hafði hann þar eina kú og fáeinár kindur. En til þess að geta lifað þar, varð hann að sækja sjóinn — og sækja hann fast. Hann sótti jafnan á yztu mið á stóru tveggjamanna fari, og reri einn, og reri mikinn, eins þeir Ingjaldur og Porgeir í Vík. Og hefði mátt kveða um hann ein Ibsen um Porgeir:

„Einn kynlegur halur hærugrár
Í hólmanum yzta bjó,
Mjög hversdagsgæfur, en heldur fár,
Og hafðist við mest á sjó;
En vissi' á ilt, varð yglid hans brá,
Svo ógnaði sjónar-brík;
Menn kváðu' hann tryllingsköst þau fá,
Og kljást ei nokkur vildi þá .
Við Porgeirr, sem var í Vík“.

Svona hefði mátt kveða um Hrómund Pórðarson.

Hrómundur flutti fisk sinn til kauptúnsins í Spray Bay og seldi hann þar. Þar þótti hann maður með mönnum, og öllum var vel til hans. Þar bjuggu Írar og Skotar, og þóttu afburðamenn miklir og sjógarpar hinir mestu. En fæstir þeirra hefðu kært sig um að reyna þol til þrautar við gamla Hrómund. Og hinum yngri mönnum þóttu ómjúk handtök hans, þegar þeir tuskuðust við hann og þó í gatni væri. — Þar bjuggu þeir O'Hara-bræður, O'Briens-frændur, McIsaacs-menn og Reids-menn; og þar bjó tröllið hann Donald Gaskell, einhver sá hraustasti maður í Austur-Canada á sinni tið. Karl sá var ekki vanur að lofa menn fyrir karlmensku, nema eitthvað kvæði að þeim. En hann sagði það jafnan um Hrómund, að hann væri „maður“, og það var mikið sagt, því Don-

ald kallaði ekki alt *menn*. Flestir menn, þó vel færir væru, voru í hans augum *drengir* eða jafnvel *vesalingar*.

„Hann er *maður*, sá gamli Íslendingur“, sagði sá jötunn — hann Donald Gaskell; „hann er *maður* drengir míni, hann er *maður*!“

En nú er að byrja á því atriði, sem eg hét að segja frá. Það var þrekkvirki, eða öllu heldur ofdirfskubragð, sem er áreiðanlega eins dæmi í sögu Vestur-Íslendinga — ofdirfsku-tiltæki, sem enginn hefði vogað að gjöra, nema sá, er hefir alveg óblandað norraðnt blóð í æðum sínum, og öll einkenni víkingsins sameinuð í réttum blutföllum. — Eg segi nú söguna, eins og eg hefi heyrt hana, og eins og hún er sögð — sem nokkurs konar þjóðsaga — þar austur við sjóinn.

Það var einn dag um haustið 1882, að kona Hrómundar varð veik. Um morguninn þann sama dag gekk að ofsaveður af norðaustri. Slík ofsaveður eru algeng á haustin í Nýja Skotlandi og verða mörgum skipum að tjóni við strendur þess lands.

Eftir því, sem á daginn leið, þyngdi konunni meir og meir; og jafnframt versnaði veðrið. Atlantshafið skall með öllum þunga sínum á ströndina —sjórinn rauk — hvítfyssandi grunnsævis-öldurnar hófust við himinn, og brimið sauð og vall við hvert andnes og sker. — Svo leið dagur að kvöldi. Alt af stöðugt þyngdi konunni — og veðrið ólmaðist og sjórinn rauk.

Gamla Hrómundi varð það nú ljóst, að brýn nauðsýn var að sækja lækni — og það tafarlaust. Hann vissi að í þorpinu í Spry Bay var ungur og duglegur læknir, Patrik að nafni. En til Spry Bay voru fullar fimm mílur enskar, og ekki árennilegt að sækja þangað í öðrum eins sjó og öðru eins ofsaveðri. Það var hreint ekki viðlit að

fara til lands þá um nóttina. En hann vonaði að veðrinu mundi slota með morgunsárinu, og þá gæti hann lagt á stað.

Honum kom ekki dúr á auga þá nótt, og hann beið með óþreyju eftir deginum. En þegar loksnsins dagaði, var veðrið engu vægara en daginn áður. Og konan lá nú fyrir dauðanum. Hrómundur vissi — eða þóttist vita — að ekkert gæti nú bjargað lífi konunnar nema aðstoð læknisins, svo framt að hann kæmi fljótt. Hann sá að hann varð að brjótast til lands upp á líf og dauða, og sækja dr. Patrik; að öðrum kosti yrði konan dáin að kvöldi þess dags. Að minsta kosti þótti honum það sennilegt, eftir líkunum að dæma.

Prisvar gekk hann ofan að sjónum, og prisvar sneri hann heim aftur að kofanum. — Það var ægilegt að líta út á sundið. — Hann horfði á konuna dauðvona; hann leit á börnin sín sex, bæði ung og smá — þau voru föl og mögur og stóðu kjökrandi í einum hóp skamt frá rúmi móður sinnar. Útlitið var skuggalegt. Og það var tví-sýnt að hann næði lifandi til lands. Hann var um tíma á báðum áttum með það, hvað hann atti að gjöra — að fara eða vera. Ef hann færí ekki voru börnin hans móðurlaus að kvöldi. — Það var átakanlega sorglegt. En ef hann legði á stað, var eins víst að hann færist á sundinu, og þá voru börnin hans alveg munadarlaus og hjálparlaus í tóum kofa á eyði-ey. — Og það var enn þá hörmulegra. Pessu var hann að velta fyrir sér um stund, án þess að komast að nokkurri verulegri niðurstöðu. En að lokum fekk hinn ósigrandi kjarkur hans og áraði yfirhöndina. Til lands varð hann að leggja, hvað sem það kostaði. Hann kvaddi konuna og börnin, hratt fram hinu stóra tveggjamannafari, settist undir árar, rerí út úr litlu víkinni fyrir vestan, og fram í brimrótið og ölduganginn, og

stefndi beint á þorpið í Spry Bay. Og það var heldur undanhald, heldur en hitt.

Í þorpinu í Spry Bay stóðu menn niður við sjóinn og horfðu út á sundið. — Par gengur mjótt og langt nes austur í víkina og myndar trygga og góða höfn. Par er ætið kvíkulaust með öllu, þegar norðaustan veður ganga. En fyrir utan nesið er oftast ókyrr sjór, og það jafnvel, þegar logn er. Par er hin illræmda Spry Bay-röst; og sáþykir engin liðleskja; sem róið fær þar yfir um einn á bát, þegar norðaustan kul er.

Þeir stóðu þar niður við höfnina, þorpsbúar. Þar voru þeir O'Hara-bræður, O'Brians-menn, McIsaacs-frændur, Reids-menn, og tröllið hann Donald Gaskell — allir heljarmenni og þaulæfðir sjógarpar. En þeim leizt ekki á sjóinn þann dag.

„Hvað er þarna á sundinu?“ sagði einhver.

„Pað er bátur“, sagði gamli Donald Gaskell. Hann stóð með krosslagða armana og reykti úr stuttri krítarpípu.

„Sá bátur hlýtur að vera vel skipaður mönnum, sem leggur út á sjóinn í dag“, sagði einhver í hópnum.

„Pað er að eins einn maður í bátnum“, sagði Donald Gaskell; „og það er sá gamli Íslendingur, því báturinn kemur frá eyjunni.“

„Pá er hann líka orðinnær og örvida“, sögðu hinir.

„Nei, ekki mun hann veraær“, sagði Donald, „heldur mun eitthvað vera að hjá honum, því enginn leggur út á slíkan sjó, á opnum smábát, nema brýn nauðsyn beri til og líf sé í haettu.“

Þorpsbúar höfðu nú alt af stöðugt augun á bátnum. Þeir sáu að honum var knálega róið, og að honum miðaði drjúgum áfram, enda var veðrið heldur á eftir. Hann færðist alt af nær og nær, unz hann kom að brimröstinni við nesið. Þar var sóknin hörðust og lengi tvísýnt, hvort hann kæmist af. En að lokum slapp hann yfir röstina og inn á lygnuna fyrir innan nesið. Þar voru menn til taks, sem óðu út í sjóinn á móti honum og drógu bátinn, með Hrómundi í, upp á þurt land.— Svo þyrptust menn utan um hann og spurðu hann, hvað honum gengi til að sækja

á land í öðru eins voða-veðri.

,,Dr. Patrik! Dr. Patrik!“ sagði Hrómundur og stökk út úr bátnu.n. Hann var í gömlu, rauðu strigafötum, og var berhöfðaður.

,,Dr. Patrik á heima þarna upp í hlíðinni“, sagði einn af mönnunum; „en hvað viltu honum? Hver er veikur?“

,,Dr. Patrik! Dr. Patrik!“ var alt, sem Hrómundur sagði. Hann ýtti mönnunum frá sér með hægð, og lagði á stað upp hlíðina, að húsi læknisins, og var stórstigur.

Dr. Patrik var inni í verkstofu sinni. Hann sá þetta ægilega, forneskjulega heljarmenni bruna áfram upp snarbratta brekkuna, eins og brekkan væri rennisléttur skeiðvöllur. Hann kendi manninn strax og þóttist vita, í hvaða erindagjörðum hann væri kominn. Og dr. Patrik fann einhvern ónota hroll fara um sig allan.

Hér skal þess getið, að dr. Patrik var rúmlega þritugur að aldri, fremur lítil maður vexti, en vel limaður, fólur í andliti og með hrafnsvart hár.

Pegar Hrómundur kom að húsinu, drap hann á dyr. Og þegar ekki var undir eins lokið upp, opnaði hann hurðina og gekk óboðið inn í stofuna til læknisins. — Það var líka víkinga-siðurinn til forna, og þótti bera vott um einurð; enda mun Hrómundur hafa áltið stofu læknisins opinberan stað, en ekki „privat“-hús. Og hann hafði nokkuð fyrir sér í því.

,,Sæll, herra læknir!“ sagði Hrómundur; „konan mínn er veik — komdu strax með mér út til eyjarinnar, og eg skal borga þér það, sem þú setur upp fyrir fyrirhöfn þína.“

,,En veðrið er ólmt, og það er alveg ófært á sundinu“, sagði dr. Patrik; „eg get ekki farið með þér, fyr en ögn lægir veðrið“.

,,Konan er mjög þungt haldin“, sagði Hrómundur.

,,Að leggja út á sundið í dag, er sama sem að fremja sjálfsmord“ sagði læknirinn; „en strax og veðrið batnar skal eg fara með þér“.

,,Konan er dauðvona“, sagði Hrómundur á sinni bjöguðu ensku; „þú verður að koma undir eins!“

„Þó öll auðæfi veraldarinnar stæðu mér til boða, fær eg ekki í þessu veðri“, sagði dr. Patrik; „nei, hvorki fyrir kóng né páfa legg eg á sjó í dag!“

„En konan deyr“, sagði Hrómundur; „og börnin eru sex, bæði ung og smá“.

„Eg á líka konu og börn“, sagði dr. Patrik; „og eg má ekki hlaupa frá þeim út í opin. dauðann, að raunalausu. Og eg segi það enn einu sinni, að eg legg ekki á sjó í dag.“

Gamli Hrómundur sagði nú ekki meira. Hann varð fólur í andliti, kreisti saman varirnar, varð þungur á brún, og augun tindruðu — urðu hvöss, hörð og ægileg. Og dr. Patrik sýndist hinn breiði barmur hans prútna, og nokkur stór tár hrynya niður hina hrukkóttu vanga hans. — En það voru ekki algeng tár — engin örvaðtingar-tár, hins yfirbugaða manns, heldur gremju-tár hetjunnar — víkingsins — tár, sem líktust hagli — hörð köld, og nístandi eins og dauðinn.

Hrómundur var ægilegur, þar sem hann stóð fyrir framan dr. Patrik. Það komu undarlegir drættir í andlit hans, voðalegur glampi í hin himinbláu augu; hinir sterkegu, hrufóttu singur hans kreptust inn í lófsana, svo hnúarnir hvítnuðu, og það var eins og krampi gripi hvern vöðva og hverja taug í handleggjum hans og herðum. — Hann steig eitt spor fram í áttina til laeknisins — og nam staðar. Í huga hans voru tvö sterk öfl að berjast um yfírráðin : skynsemin og ofdirfskan. Hann steig fram annað spor — og nam staðar. — Lækninum fór ekki að lítast á blikuna. Og enn steig heljarmennið fram eitt spor — og nam svo staðar. Og um leið náði skynsemin yfírráðum í huga hans, og kom jafnvægi á tilfinningar hans og geðshræringar. Andltið náði astur sínum réttalit, og hinn geigvænlegi glampi hvarf úr augunum. Hann sneri sér við snúðugt og snögt, gekk hvatlega út úr húsinu, fór ofan brekkuna í fáum skrefum, og stikaði stórum skrefum í áttina til bátsins í fjörunni.

En enginn má hugsa, að hann hafi ætlað að vinna lækninum mein. Honum var annað í hug, eins og þið fáið bráðum að heyra.

Niður við sjóinn voru þorpsbúar. Þeir viku úr vegi fyrir Hrómundi um leið og hann gekk að bát sínum. Þeim þótti brún hans þung, og eitthvað tröllslegt við hann og óhemjulegt. Og þeir þóttust vita orsökina.

Donald Gaskell tók út úr sér krítarpípuna, og gekk til hans og lagði hönd á öxl honum.

„Vertu kyrr, gamli Íslendingur!“ sagði Donald með sinni djúpu bassa-rödd; „vertu kyrr hjá okkur þangað til veðrinu slotar ofurlítið, og þá skulu tú færstu drengirnir hérla flytja þig og dr. Patrik á stóra bátnum hans O’Hara út til eyjarinnar. En, nú sem stendur, er engu skipi fært út á sundið, nema stóru gususkipi“.

Allir tóku nú í sama strenginn og Donald, og báðu Hrómund að bíða, unz veðrinu slotaði ögn.

En gamli Hrómundur þagði. Hann ýtti fram bátnum ofurhægt, þumlung fyrir þumlung, og virtist vera að ráða það við sig, hvort hann ætti að vera eða fara.

„Hafðu míni ráð, gamli, sterki sæ-úlfur“, sagði Donald, „og vertu kyrr; því svo ilt sem það var, að komast í land, verður þó hálfa verra að fara til baka“.

En Hrómundur þagði enn, og hélt áfram að ýta bátnum fram, þumlung fyrir þumlung, án sýnilegra erfidiðs-muna. Báturinn var að sjá léttur eins og skel í höndnum á honum.

Í þessu kom dr. Patrik í hópinn. Hann kallaði hvað estir annað til Hrómundar, og bað hann að gæta skyn-seminnar og fara ekki fyrr en lyngdi, og kvaðst þá skyldi fara með honum. Ýmsir aðrir skutu þar orði inn í, — en Hrómundur þagði alt af. — Og nú var hann næst um búinn að ýta bátnum á flot. Hann sneri sér við með mestu hægð, og horfði til mannanna, sem stóðu í þéttri röð í fjörunni. Hann horfði út til eyjarinnar, og hugsaði til konunnar dauðvona og litlu barnanna sinna, og hann horfði á röstina við nesið og ólduganginn á sundinu. Í stuttu máli: hann horfði eins og maður sá, sem ætlar að stökkva yfir hyldýpis-gjá, upp á líf og dauða, og er að mæla með augunum, hvað stökkid sé langt, og þykir tvísýnt að hann komist yfir um.

Alt í einu tók hann snögt viðbragð, eins og þeir einir geta tekið, sem eru hálfröil og hamrainer. Hann stökk upp fjöruna, eins og pardusdýr, eða tígris, og stefndi á Donald Gaskell. En þegar minst varði, tók hann aðra steinu og vatt sér inn í mannþróngina; þar sem dr. Patrik stóð, þreif til hans með ógnar snærræði, tók hann í fang sér, eins og lítið barn, stökk með hann ofan að bátnum og lagði hann niður í skutinn, ýtti svo frá landi, settist undir árar og reri eins og óður væri.

Petta tiltæki Hrómundar kom svo skyndilega og öllum að óvorum, að enginn gat verulega átt að sig á því, fyr en báturinn var kominn á flot. Enginn af öllum þessum filefldu mönnum hafti haft tækifæri til að hindra heljarmennið á minsta hátt. En þegar báturinn var kominn frá landi, var eins og allir vöknudu af draumi, ekki sízt þegar þeir heyrðu að dr. Patrik kallaði á hjálp. — Allir hlupu nú til bátanna, sem voru góðan spöl inn með fjörunni, og margir þeirra upp í naustum. En þegar þeir komu að fyrsta bátnum og voru í þann veginn að hrinda honum fram, sáu þeir að Hrómundur var að beygja fyrir nesið og leggja út í röstina.

„Nú er of seit að elta þá“, sagði Donald Gaskell, og hann vissi, hvað hann söng, karl sá; „þeir eru þegar komnir út í röstina“, sagði hann, „og það verður bani þeirra og ykkar allra, ef þið reynið til að ná dr. Patrik úr höndum gamla mannsins, því hann mun halda teknu taki í lengstu lög. — Bátunum hvolsfir í öðru eins sjóróti, ef þið gjörið nokkra slíka tilraun. — Og það er skárra, þó ilt sé, að tvær farist, heldur en tíu eða tólf. — En sá gamli heljar-karl mun ná til eyjarinnar, því hann þekkir betur á sjóinn en við. — Hann er maður, drengir míni, hann er maðnr. — Lofum honum því að ráða héðan af“.

Menn sáu að þetta var satt, sem Donald sagði, að það var alveg þýðingarlaust að elta þá úr þessu, í því skyni, að reyna að ná dr. Patrik úr höndum Hrómundar. Sumir vildu að stærsti báturinn væri látinna fara í hámót á eftir þeim, en aðrir töldu það úr, af þeirri ástæðu, að Hrómundur mundi ekki fara eins varlega, ef hann sæi bát koma á eftir sér. Menn hættu því alveg við að veita þeim

eftirsör. — En allir þeir sjónaukar, sem til voru í Spry Bay, voru rækilega notaðir þann dag. Og öllum þótti vænt um það, að kona læknisins og bæði börnin hans voru ekki í þorpinu meðan á þessu stöð.

En það er af dr. Patrik að segja: að þegar hann loksns fekk risið upp í bátnum, sá hann, að hann var þegar kominn svo langt frá landi, að engin tiltök voru að hann gæti vaðið í land, þó hann henti sér út úr bátnum — en hann kunni ekki til sunds. — Honum varð það fyrst fyrir, að kalla á hjálp. Hann sá mennina á landi hlaupa til bátanna, og hann hafði um tíma von um, að þeir gaðu komið sér til hjálpar, áður en Hrómundur kæmist út fyrir nesið. En sú von hans brást. Hann grúlfði sig þá niður í bátinn, las bænir sínar og bjóst við dauðanum á hverri stund — og bað heitt og lengi.

Alt í einu tók hann eftir því, að all-mikið af sjó var komið inn í bátinn. Og honum fanst það mundi vera skylda sín, að gjöra ofurlitha tilraun að bjarga lífinu, með því að taka austurtrogið og fara að ausa. Hann sá að þeir voru þegar komnir yfir röstina og nokkuð út á sundið, og að veðrið var heldur að lægja, en óldugangurinn var þó enn helzt til of mikill fyrir svo líttinn bát.

Og dr. Patrik tók til að ausa, og var stórvirkur, og fann að honum óx kjarkur við það. — Við og við leit hann yfir á þóftuna, þar sem heljarmennið sat og rerí upp á líf og dauða. Það marraði í keipunum, það hríkti og brak-adi og brast í bordum og þóftum, og árarnar svignuðu, eins og þær væru þá og þegar í þann veginn að brotna. — Það voru al-íslenzkar járngreipur, sem héldu um hlummana á árunum þeim. Og átökini voru ákafleg, því maðurinn tók á öllum sínum ógnar kröftum, og rerí uppihaldslaust. Hann kreisti saman varirnar og talaði ekki orð, en svitinn bogaði af enninu og rann í lækjum niður andlitið og ofan á bringuna. — Bátnum miðaði lítið við hvert áratog, en honum miðaði þó ógn. Nær og nær eyjunni komust þeir. Uppihaldslaust var róið, og uppihaldslaust var ausið. Að lokum komust þeir í hlé við eyjna, og þá var stríðið á enda. Og þegar þeir lentu, tók dr. Patrik eftir því, að blóð hafði sprungið undan hverri

nögl á fingrum Hrómundar.

Pegar heim í kofan kom, var farið að dimma, en konan var enn lifandi. Dr. Patrik tók nú til verka, og um morguninn var konan úr allri hættu. — Og nú voru þau orðin sjö börnin hans Hrómundar.

Pegar dagaði, var komið gott veður; en um dagmál lenti báтур Hrómundar á ný í Spry Bay. Þá töku menn eftir því, að dr. Patrik var orðinn hvítur fyrir hærum, alveg eins og átrætt gamalmenni (eða sú saga gengur að minsta kosti þar austur við hafið), en gamli Hrómundur var alveg eins og hann átti að sér: rólegur, þögull kaldur og forneskjulegur; og það sáu menn, að honum þótti verulega vænt um dr. Patrik, og að dr. Patrik var búinn að fyrirgefa honum af öllu hjarta. — — —

En það var hann Donald Gaskell, sem gjörði þá uppástungu, að þorpsbúar tæku sig til og bygðu Hrómundi gott bjálkahús þar í þorpinu og keyptu handa honum nokkrar ekrur af landi, svo annað eins tilfelli kæmi ekki fyrir aftur; og hann sýndi fram á það, að eyjan væri alveg óhæfur bústaður fyrir hvítan manni með konu og unghögn. Menn gjörðu góðan róm að tillögu hans. Og fáum vikum síðar var Hrómundur og fjölskylda hans komin alflutt til Spry Bay. Og þar dó Hrómundur fyrir örfáum árum síðan. — Börn hans náðu góðri mentun, og ein dóttir hans giftist elzta syni dr. Patriks.

Og það var hann Donald — sá heljar-jötunn, hann Donald Gaskell — það var hann, sem sagði það oft og mörgum sinnum, að eins daemi mundi það vera, að einn aldraður og næstumí mállaus útlendingur hefði gripið fullvaxinn karlmann úr höndunum á stóri sveit háskoskra og írskra manna á bezta skeiði, og hlaupið burt með hann nauðugan um hábjartan daginn.

„En það var maður, sem gjörði það, drengir míni!“, sagði Donald, „það var *maður!*“

**Helztu viðburðir og mammalát meðal
Íslendinga í Vesturhe.mi.**

Vorið 1908 var Sturla Einarsson B. A., skipaður fasta-kennari [prófessor] í stærðfræði og stjörnufræði við ríkisháskólann í California. Hann hafði verið þar auka-kennari um tvö ár áður. Sturla er sonur Jóhanns Einarssonar, í Duluth, Minn. [bróðir Indriða Einarssonar, revisors, í Reykjavík].

Vorið 1908 útskrifuðust úr College-deild Manitoba-háskólans:

Haraldur Sigmar, sonur Sigmars Sigurjónssonar, bónða í Argyle, og

Hólmfriður Soffia Pálsdóttir *Harold*. [Guðmundssonar frá Reykjavík].

17. maí 1908 var guðfræðis-kandídat Jóhann Bjarnason, prestvígður í kirkju Braðra-safnaðar við Íslendingafljót, af forseta kirkjufélagsins, síra Jóni Bjarnasyni. (Síra Jóhann er sonur Bjarna Helgasonar frá Gröf í Viðidal í Húnavatnssýslu og konu hans, Helgu Jónatansdóttur, ættaðri úr Eyjafirði). Útskrifaðist af prestaskólanum í Chicago í apríl, sama ár.

14. júní 1908 prestvígði forseti kirkjufélagsins, síra Jón Bjarnason, guðfræðis-kandídat Runólf Fjeldsted í Fyrstu lút. kirkjunni í Winnipeg. Síra Runólfur útskrifaðist af prestaskóla Gen. Councils í Chicago í apríl sama ár. Hann er sonur Þorbergs Fjeldsteds og fyrri konu hans Helgu Guðmundsdóttur, sem fluttu hingað vestur frá Jörva í Hnappadalssýslu 1887.

3. júní 1908 útskrifaðist Guðmundur Árnason, B. D. frá Unítariska prestaskólanum í Meadville, Pensylvanía. Fyrir ágæta frammistöðu við þann skóla var honum veittur námsstyrkur skólans að upphæð \$800, er *Tuft-Fellowship*, er nefndur, til þess að fullkomnast í guðfræðisnámi við einhvern háskóla Norðurálfunnar. Hann valdi sér

Berlínar-háskólann á Pýzkalandi og fór þangað í sept. sama haust. Guðmundur er sonur Árna Þorlákssonar og Helgu Kjartansdóttur, fæddur á Munaðarnesi við Borgarfjörð í Múlasýslu.

Haustið 1908 var Barði G. Skúlason, lögfræðingur, í Grand Forks, N.-Dak., kosinn þingmaður til ríkisþings N.-Dakota, tyrir Grand Forks County. Hann sótti undir merkjum Republikana. Barði hefir um lengri tíma verið kennari við lögfræðisdeild Norður-Dakota-ríkisháskólans í Grand Forks.

M A N N A L Á T.

- Í janúar 1907: Einar bóndi Einarsson, við Pine Valley, Man. [frá Rangá í N.-Múlas.], 74 ára.
14. febr. 1907: Benedikt Ólafsson, til heimilis í Winnip. (bjó síðast á Ísl. í Breiðagerði í Skagafirði), um sjötugt
14. júní 1907: Guðjón Jónsson í Marshall í Minn. [ætt-aður úr Köldukinn í Pingeyjars. Ekkja hans, Sigurveig Einarssdóttir frá Hafurstöðum í Axarf.], 67 ára.
- Í júlí 1907: Ólafur, sonur Einars Einarssonar [frá Rangá sem lézt í jan. þ.á. og er hér talinn að ofan], rúmlega tvítugur.
3. sept. 1907. Eyjólfur Guðmundsson (prests á Hólum um í Breiðafirði), til heimilis í Árdalsbygð í Nýja Íslandi, 76 ára.
26. okt. 1907. Soffía Friðriksd. (þróf. Reykjálíns), kona Eggerts Magnúss. Vatnsdal, í Wadena, Sask., 77 ára.
1. nóv. 1907: Sigurður Jónsson [Oddsonar, hafnsögmans í Rvík], til heimilis í Seattle, Wash., 42 ára.
18. nóv. 1907. Jóhann Jónsson, bóndi í Argyle-bygð, (f. á Finnsstöðum í Köldukinn, en fluttist vestur um haf úr Eyjafjarðarsýslu fyrir 30 árum), 62 ára.
23. nóv. 1907. Vilhelmina Soffía Jóhannsdóttir, Bjerling, kona Þorsteins Þorsteinssonar á Gimli, (ættuð af Tjörnesi í Pingeyjars.), 37 ára.
4. des. 1907. Jón Jónsson í Nýjabæ í Nýja Ísl. (bróðir Eiríks heit. Jónss. Garðpróf. í Khöfn), 78 ára.

9. des. 1907: Aron Jónsson, í Garðar-bygð í N.-Dak., miðaldra.
13. des. 1907. Sigríður Jónsdóttir, Andréssonar, kona Guðj. Ísleifssonar, til heimilis hjá tengdasyni sínum G.K. Breckman, bóna í Álfstavatns-bygð [ættuð frá Merk-isgerði í Skagafirði], 67 ára.
28. des. 1907. Kristín Bjarnadóttir (Sigurðssonar og Margrétar Ólavíu Ólafsdóttur, konu hans), kona Sigurðar Snorrasonar Reykjálín í Winnipeg, 23. ára.

JANÚAR 1908:

6. Guðrún Jónsdóttir Borgfjörð ekkja Eyjólfs Hall-dórssonar Borgfjörð í Winnipeg (frá Hlíð í Hörðadal í Dalasýslu), 75 ára
7. Jósafat H. Bjarnason, í Pembina N.-Dak.
7. Jón Jónsson, við Radway-pósthus í Man. (ættaður úr Dalasýslu), 67 ára.
16. jan. Pétur Gísli, sonur Sigurbjarnar Þorsteinssonar og konu hans Rósu Gísladóttur í Minneota, Minn. (frá Nýjabæ á Hólsfjöllum). Heimili hans var í Washburn í N.-Dak., 35 ára.
17. Gunnhildur Jónsdóttir, við Ardal-pósthus í Nýja-Ísl. (ættuð úr N.-Múlas.), 64 ára.
20. Þorsteinn Jónsson, til heimilis hjá syni sínum, Vilhjálmi bóna við Svold-pósthus í N.-D. (frá Neðstabaði í Húnvatnss.), 79 ára.
23. Vilhelm Kristján Kjærnested, á heimili Páls sonar síns við The Narrows-pósthus í Manitoba. Fluttist vestur um haf 1876, og nam land í Nýja-Ísl. á jörð þeirri, er hann nefndi Kjarna og bjó þar sinn búskap hér. Á Íslandi bjó hann á Hólum í Hjaltadal, 82 ára.
26. Jón B. Þorsteinsson, sonur Hálfðánar heit. Þorsteinsonar og Sigurborgar Jónsd. í Minneota, Minn., 20 ára.
26. Jón Jónsson í Winnipeg (frá Hjarðarfelli í Miklaholtshrepp í Hnappadalss., flutti með fjólskyldu sína hingað vestur syrir 25 árum síðan), 70 ára.

FEBRÚAR 1908:

4. Halldór Hjálmarsson, bóni við Akra-pósthus í N.D.

- Sonur Hjálmars Hermannssonar, Jónssonar, og Maríu Jónsdóttir, sem bjuggu á Brekku í Mjóafirði í S.-Múlas., 56 ára.
8. Sigurður Ásmundsson, hjá tengdasyni sínum, B. Jósefssyni bónða, og dóttur Guðnýu, við Skálholtspósthús í Argyle-bygð (frá Kattarstöðum í Núpasveit í N.-Pingeyjars.), um átrætt.
 10. Elín Eyjólfssdóttir í Minnesota-nýl., ekkja Ólafs heit. Jónssonar frá Döllum í Fáskrúðsfirði. Hún var ættuð frá Tunguhaga á Völlum í S.-Múlas., 61 árs.
 12. Sigríður Björnsdóttir, kona Hjálmars Gíslasonar í Winnipeg (ættuð frá Selstöðum við Seyðisfj.), 21 árs.
 12. Einar Engelbertsson, (prests Þórðarsonar, fæddur á Desjarmýri í N.-Múlas. 1820); til heimilis hjá syni sínum Guðmundi, bónða í Akra-bygð í N.-D., 87 ára.
 14. Guðrún Árnadóttir, í Gardar-bygð, ekkja Þorleifs Björnssonar — d. 2. apríl 1903. (Frá Fornhaga í Hörgárdal í Eyjafjarðarsýslu), á 74. aldursári.
 16. Málvin, dóttir þeirra hjóna Sigurbjörns Jónssonar og Kristjönu konu hans, tilheimilisí Selkirk Man., 18 ára.
 21. Guðrún Grímsdóttir, hjá syni sínum Grími bónða Þórðarssyni í Gardar-bygð í N.-Dak. Ekkja Þórðar Árnasonar (dáinn í Milwaukee 1873. Það sama ár fluttu þau til Ameríku frá Dalgeirsstöðum í Miðfirði), 81 árs.
 23. Þorgerður Jónsdóttir, (Sæmundssonar óg Sigurlínar Bergsdóttur), kona Sig. Magnússonar í Winnipeg (hún var frá Hjörsey í Mýras.), 39 ára.

MARZ 1908 :

1. Ásta Þóra Jónasdóttir, Skagfjörð, í Swan River-bygð í Man. (frá Stóramerði í Hörgárdal í Eyjafj.s.), 76 ára.
5. Hálsdán Guðmundsson, í Minneota (ættaður frá Eyri í Reyðarfirði; fluttist frá Eskifirði fyrir 5 árum), 72 ára.
5. Helga, dóttir Björns Sveinssonar og konu hans, til heimilis í Akra-bygð, N.-Dak., 22 ára.
8. Eyjólfur Einarsson, á Eyjólfssstöðum í Geysis-bygð í Nýja Íslandi. Ekkja hans heitir Sigríður Björns-

- dóttir og bjuggu þau í Skógum í Mjóafirði; fluttust þaðan til Ameríku 1884), 64 ára.
10. Jakobína Árnadóttir, hjá tengdasyni sínum Bjarna Péturssyni á Mountain. Ekkja Jóh. Eyjólfssonar (ættuð af Höfðaströnd í Skagaf.; flutti hingað frá Laxamýri í Pingeyjarsýslu), 82 ára.
 11. Sigríður Guðmundsdóttir, kona Friðriks Ólafsonar í Winnipeg, 81 árs.
 13. Jón Jónsson Strönd í Markerville, Alta. (frá Strönd við Mývatn), 60 ára.
 23. Ragnhildur Jónsdóttir, í Winnipeg (fluttist hingað frá Reykjavík), 55 ára.
 28. Bóas Arnbjörnsson, bóna í Spanish Fork, Utah, 51. árs.
 29. Sveinn Árnason, til heimilis hjá tengdasyni sínum Einari Mýrdal, bóna í Gardar-bygð, N.-Dak. (ættaður úr Suður-Múlas.), 86 ára.
- Guðbjörg, kona G. S. Johnson, bóna við Skálholt-póst-hús í Man., 29 ára.

APRÍL 1908:

8. Albert Jónsson, Winnipeg, 50. ára.
8. Jón Jónsson, bóni í Arnes-bygð í Nýja Íslandi (frá Hörgsdal í Mývatnssveit), 70 ára.
9. Guðni Johnson, bóni, Churchbridge, Sask. (ættaður úr Ánessýslu), 53 ára.
29. Málfriður Sigríður, dóttir Þorsteins Péturssonar og konu hans, Guðrúnar Sigurðard. í Winnip., 15. ára.
29. Kristín Dalmann, ekkja á Baldur, Man.

MAÍ 1908:

1. Guðrún Guðmundsdóttir, í Gardar-bygð, N.-Dakota. Ekkja Hallgríms heit. Guðmundssonar, sem þar bjó áður fyrr, 67 ára.
12. Gísli Johnson, til heimilis í Winnipeg.
14. Jóhanna Jónsdóttir, í Arnes-bygð í Nýja Íslandi (ættaður úr Vesturhópi í Húnaþingi), 81 árs.
29. Páll Jóhannesson, til heimilis í Glenboro (ættaður úr Pingeyjarsýslu), 26 ára.
31. Anna Hannesdóttir, kona Jakobs Lindals bóna,

við Hóla-pósthús í Sask. (frá Þóreyjarnúp í Húnvatnssýslu), 50 ára.

JUNÍ 1908:

4. Jón Sigmundsson, bóndi í Spanish Fork, Utah (úr V.-Skaptafelss.), 61 árs.
13. Stefánia Ingibjörg Arnadóttir, kona Ólafs Vopna í Winnipeg (dóttir Árna heit. Arnasonar frá Skógum í Axarfirði), 51 árs.
- Valdimar Davíð Valdimarsson í Californíu.
Ólafur Torfason, í Selkirk.

JULÍ 1908:

7. Stefán Hrólfsesson á Bakka við Íslendingafljót (ættaður úr Borgarfirði í N.-Múlas.), 75 ára.
7. Stefán Stephensen, sonur Jónasar Stephensens konu hans Margrétar, í Winnipeg (af Seyðisf.). 24 ára
8. Guðrún Magnúsdóttir (Einarssonar, frá Hnausi Villingadalshrepp í Árnessýslu), 51. árs.
12. Porleifur, sonur Auðuns Jónssonar, bóna á Grímsstöðum í Nýja Íslandi, 27 ára.
12. Sigríður Ólafsdóttir, ekkja Porgeirs heit. Guðmundssonar frá Akureyri; til heimilis hjá syni sínum, Jósef Vilhjálmi í Winnipeg. Hún var dóttir Ólafs Guðmundssonar og Sigríðar Jósefssdóttir, sem um nær hálfa öld bjuggu í Hvammi í Eyjafirði. 69 ára.
14. Jón Gíslason, bóndi við Mountain, N.-Dak. (ættaður úr Miðdolum í Dalasýslu).
15. Jóhannes Porleifsson Lindal, við Laxdal-pósthús í Sask. (ættaður úr Húnavatnss.).
16. Magnús Stefánsson Porlákssonar, Edmonton, Alta.
18. Vilborg Þórunn Guðlaugsdóttir við Big Quill-póst-hús í Sask., 42 ára.
21. Þorsteinn Sigmundsson, í Bellingham, Wash., 38 ára.

ÁGÚST 1908:

1. Helga Jónsdóttir, hjá dóttur sinni Valgerði Finnbogadóttir í Winnipeg. Ekkja Finnboga heit. Árnason-

- ar. (Bjuggu lengst af að Reykjum í Mosfellssveit),
67 ára.
8. Jósef Jósefsson, Hoff, hjá syni sínum Stefáni, í Minneota, Minn., (ættaður frá Bakka á Langanesströnd),
77 ára.
31. Þorsteinn Þórarinsson Lindal, í Blaine, Wash., 44 ára.

SEPTEMBER 1908:

3. Gísli Magnússon Thompson, að Krossi nálægt Gimli, (sonur Tómasar J. Jónssonar og Þóru Gísladóttir; fæddur að Guðlaugsvík í Strandasýsl. Fluttiðist hingað með foreldrum sínum 1884), 45 ára.
20. Herdís Þorvaldsdóttir, ekkja, til heimilis í Winnipeg, 87 ára.
20. Elinborg Stefánsdóttir, ekkja Kristjáns heit. Jónssonar frá Geitareyjum, til heimilis í Winnipeg, 75 ára
23. Friðrik Matúsalem Árnason, í Marshall, Minn. (ú Vopnafirði), 55 ára.
24. Soffía Vilhjálmsdóttir, Árnasonar, í Marietta, Wash (ættuð úr Eiða-þinghá), 67 ára.
Anna Guðmundsdóttir, í Minneota, Minn., (ættuð úr N.-Múlasýslu).

OKTÓBER 1908:

9. Jórunn Jónsdóttir, við Sleipnir-pósthús í Sask. (ættuð úr Fnjóskadal í Pingeyjars.), 79 ára.
10. Ragnhildur Guðrún Magnússon, í Pingvallanýlendu.
11. Jóhannes Pétursson, átti heimili í Minnesota-nýlend., var á ferðalagi heim til Íslands og andaðist í Rvík. (Ættaður úr Skagafirði, fóðurbróðir síra Friðriks Friðrikssonar, sem verið hefir í Rvík), 64 ára.
14. Ásgeir Marías Guðjónsson, í Vancouver, B. C., (frá Arnardal í Ísafjarðarsýslu), 23 ára.
16. Þórun Gísladóttir, í Detroit Harbor, Wis. (ættuð úr Skaftafelss.), 68 ára.
24. Hólmfríður Hunford, dóttir þeirra hjóna, Jónasar J. Hunford og konu hans Margrétar, sem búa við Markerville-pósthús í Alberta.

26. Ingiríður Porkelsdóttir, kona Þorsteins Holmí Winnip.
 29. Björn, sonur Sigvalda Nordal í Selkirk, 25 ára.
 Filippia Hannesdóttir (prests Bjarnasonar að Ríp í Skagafirði og konu hans, Sigríðar Jónsdóttur, frá Hólum í Hjaltadal), til heimilis hjá dóttur sinni í Pine Valley-nýlendu í Manitoba, 90 ára.

NÓVEMBER 1908:

1. Jónína (Morris) Jóhannesdóttir, Ólafssonar, (af Húsvík í Pingeyjars.), til heimilis í Winnipeg, 47 ára.
6. Jóhanna Ketilsdóttir, til heimilis hjá syni sínum Guttormi, og bróður sínum Jóni í Winnipeg, ekkja Finn-boga heit. Sigmundssonar, gestgjafa í Seyðisfjarðarkaupst., 51 árs.
12. Jón Einarsson, til heimilis hjá Lýð bóna Jónssyni, við Hnausa-pósthus í Nýja Ísl. (frá Egilsseli í Fellum í Norður-Múlasýslu), 64 ára.
12. Katrín, dóttir Páls Sigfússonar í Winnipeg, 24 ára.
16. Guðríður Þorgrímsdóttir, á Keldulandi við Íslendingafljót, kona Jóns Einarssonar. (Á Íslandi bjuggu þau að Uppsölum í Reykholtssókn í Borgarf.), 85 ára.
17. Haraldur, sonur Sigurðar Vídal (úr Víðidal í Húnavatnssýslu), bóna í Hnausa-bygð í N.-Ísl., 27 ára.
17. Jón Ólafur, sonur Stefáns Guðnasonar, við Hnausa-pósthus í Nýja Íslandi, 21 árs.
18. Ólafur V. Ólafsson, bóni í Hnausabygð í N.-Íslandi (ættaður úr Eyjafj. sýslu), 60 ára.
20. Jón Jónsson (Marsibilarson), í Norwood, Man., 30 ára.
30. Ólafur Benediktsson, kaupmaður í Markerville, Alta, (sonur Benedikts Ólafssonar og Hólmfríðar Bjarnadóttur, er síðast bjuggu í Breiðagerði Skagaf.), 42 ára.

DESEMBER 1908:

4. Jón Oddur Jónsson, við Laxdal-pósthus í Sask.; sonur Odds Jónssonar, bóna í Garðar-bygð í N.-Dak.
11. Ingibjörg Guðmundsdóttir, kona Benedikts Guðmundssonar, bóna við Íslendingafljót, 34 ára.
14. Jóhanna Einarsdóttir (Anderson), í Winnipeg.